

Jólablað



Völsungur



2012

Frá ritstjóra

Þegar líða tekur að jólum og áramótum er löng hefð fyrir því að staldra við og líta yfir farinn veg. Jólblað Völsung gegnir einmitt þeim tilgangi og veitir þannig lesandanum innsýn í starf þeirra deilda sem eru starfandi innan félagsins. Ennfremur er jólblaðið heimild um það hverjir hafa setið í stjórnnum deilda og þannig átt hlutdeild í því óeigingjarna sjálfböðastarfi sem er svo mikilvægur hlekkur í því að halda úti öflugum íþróttafélagi.

Uppsetning blaðsins er með hefðbundnum hætti miðað við blöð fyrri ára en þar greina deildir félagsins frá starfi sínu og því helsta sem hefur gerst á liðnu ári. Sóknarprestur færir okkur jólahugvekju og tólmstunda og æskulýðsfulltrúi á sinn stað í blaðinu. Ungmenningarhúsið Tún sem er búið að festa sig í sessi í félagslífi unga fólksins, gerir stuttlega grein fyrir sínu starfi. Um efnisöflun og ritstjórn sá starfsmaður félagsins ásamt aðalstjórn. Fjöldmörg fyrirtæki og einstaklingar styrkja blaðið árlega og án þeirra aðkomu væri útgáfa Jólblaðsins illmöguleg. Ekki má gleyma aðkomu sveitarfélagsins Norðurþings sem styður dyggilega við Völsung með því að veita aðstöðu og fjárstuðning. Að því sögðu vill ritstjóri og aðalstjórn koma á framfæri þökkum til allra þeirra sem að komu að útgáfu Jólblaðs Völsung árið 2012 með einum eða öðrum hætti.

**Með ósk um ánægjulegt samstarf og þakkir fyrir það liðna
Jólakveðja, Kjartan Páll Þórarinnsson**

Gleðileg jól
farsælt komandi ár
þökkum viðskiptin
á liðnum árum.



Bílaþjónustan ehf.
Garlarsbraut 52 - 640 Húsavík
Sími 464 1122 - Farsími 854 0872

Óskum öllum Völsungum til sjávar
og sveita
gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.



Þökkum samskiptin
á liðnu ári.




Sími 464 1500 • Fax: 464 1501 • Netfang: info@gentlegiants.is
Heimasíða: www.gentlegiants.is

Óskum viðskiptavinum
okkar og öðrum Þing-
eyingum Gleðilegra
jóna og farsældar á nýju ári.
þökkum viðskiptin




viðbót
kjötvinnsla

Sendi öllum bestu jóla- og
nýárskveðjur, sérstaklega liðinu
fyrir neðan bakkann.




Doddi Ásgeirs ehf.

Óskum öllum Völsungum til
sjávar og sveita gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.



Þökkum samskiptin á liðnu ári.



Óskum
viðskiptavinum
okkar gleðilegra jóla
og farsæls komandi árs.
Þökkum viðskiptin á árinu.



Hugleiðing um íþróttaiðkun.

Íþróttaiðkun er hluti af menningu okkar Íslendinga og stór þáttur í lífi flestra barna og unglunga. Flestir koma með einum eða öðrum hætti, að íþróttastarfi einhverntíman yfir ævina. Til að halda úti því mikla og góða starfi sem íþróttafélögin hafa staðið fyrir þarf ákveðna hugsjón. Hugsjón sem snýr að því að láta gott af sér leiða innan samfélagsins. Seint verður þeim fullþakkað sem hafa lagt á sig ómælda sjálfböðavinnu í gegnum tíðina til að halda úti öflugum íþróttastarfi innan sveitarfélagsins. Flest höfum við skoðun á því hvernig hlutirnir eigi að vera og er það vel. Til að hafa áhrif er ekki nóg að hafa skoðun. Skoðuninni þarf að koma á framfæri og vinna henni brautargengi sé hún til þess fallin að bæta það sem fyrir er.

Við getum til að mynda velt fyrir okkur og haft skoðun á því til hvers við ætlumst af íþróttafélaginu okkar.

Eru markmið félagsins í takt við þarfir og óskir foreldra og iðkenda? Þetta er spurning sem ágætt er að velta eilítið fyrir sér. Forráðamenn barna og unglunga geta lagt sitt af mörkum til að gera íþrótt- og æskulýðsstarf enn markvissara og betra. Algengur misskilningur er að íþróttastarf frjálsra félagasamtaka sé í umsjá og á ábyrgð annarra en forráðamanna. Hið gagnstæða er raunin.

Þátttaka í íþróttum getur haft mikil áhrif á líf ungmenna og hafa rannsóknir sýnt fram á margvíslegan ávinning þeirra. Fræðimenn telja að stuðningur foreldra sé einna mikilvægastur til þess að stuðla að aukinni þátttöku barna og unglunga í íþróttum. Börn og unglungar sem fá stuðning frá foreldrum eru almennt ánægðari með þátttöku sína og standa sig yfirleitt betur heldur en þau sem fá minni stuðning. Mikilvægt er að foreldrar séu meðvitaðir um að þeir geti með ýmsum hætti haft áhrif á þátttöku barna sinna í íþróttum. Hegðun barna stjórnast jú að miklu leyti af áhrifum og uppeldisaðferðum foreldra.

Nú fer í hönd sá tími sem á að vera gleðilegur og uppspretta ánægju og fullnægju. Mikilvægt er að huga að því að ungmennin okkar þarfnast leiðsögu og því mikilvægt að hugsa til þess að við foreldrar eigum að vera börnum okkar fyrirmynd bæði í leik og starfi.

Undirritaður þakkar Íþróttafélaginu Völsungi samstarfið á árinu sem er að líða og óskar félagsmönnum þess og öllum Þingeyingum gleðilegra jóla og gæfuríks komandi árs.

Jóhann Rúnar Pálsson

Tólmstunda- og æskulýðsfulltrúi Norðurþings

Frá formanni

Árið 2012 hefur verið mjög viðburðaríkt í starfsemi Völsungs og þar hafa skipst á skin og skúrir. Á þessu ári var vígður nýr og stórglæsilegur gervigrasvöllur og voru það yngstu þátttakendur okkar sem tóku fyrstu spörkin á Kiwanismótinu sem haldið var í lok ágúst. En það eru Kiwanismenn sem munu styrkja þetta mót næstu fimm árin. Ákveðið var að allar æfingar í knattspyrnu yrðu á vellinum í vetur en haustið hefur verið okkur mjög erfitt og ekki er kominn hiti eða lýsing á völinn. Þegar yngri flokkarnir koma úr mánaðarfríi um miðjan janúar verður völlurinn vonandi klár til notkunar.

Fjögurra ára samningur var gerður um nýjan félagsbúning og munu allar deildir félagsins spila í JAKO-búningum.

Meistaraflokkur karla í knattspyrnu varð Íslandsmeistari í 2. deild á eftirminnilegan hátt í september í skugga fráfalls Steina bakara sem var einn dyggasti stuðningsmaður félagsins. Stelpurnar okkar stóðu sig sömuleiðis mjög vel og á næsta tímabili spila báðir flokkar í 1. deild.

Skemmtileg nýbreytni var tekin upp í knattspyrnunni í sumar þegar félagar úr Græna hernum voru með lýsingar og umfjöllum um leiki sumarsins. Einstaklega vel heppnað í alla staði og mikilvægur upplýsingamiðill fyrir félagið út á við.

Sveinn Aðalsteinsson lét af störfum sem framkvæmdarstjóri Völsungs nú í haust og við starfi hans tók Kjartan Páll Þórarinnsson. Sveini þökkum við störf fyrir félagið um leið og við bjóðum Kjartan velkomin til starfa.

Á aðalfundi Völsungs í byrjun maí var ný deild stofnuð um Mótorkross og bjóðum við þá velkomna í félagið. Virkar deildir innan félagsins eru núna samtals níu.

Ný og endurbætt heimasíða félagsins var tekin í notkun á árinu. Þar eru allar helstu upplýsingar um starfsemina félagsins og mikilvægt að nýta hana til að efla starfið.

Innheimta félagsgjalda gekk vel á síðasta ári og skilaði því að við gátum lokið við að lagafæra Grænatorg, sömuleiðis höfum styrkt deildir félagsins og sent marga þjálfara á námskeið innan sérsambandanna til að auka við menntun þeirra. Við það að fara upp um deild í meistaraflokki karla í knattspyrnunni gerir KSÍ miklar og ýtarlegri kröfur til félagsins í sambandi við menntun þjálfara og er ánægjulegt að segja frá því að við erum að standa okkur vel hvað það varðar.

Undanfarin ár hafa Völsungar átt stráka og stelpur í yngri landsliðum í knattspyrnu og það vekur mikla athygli hve mörgum ungum og efnilegum íþróttamönnum við höfum á að skipa m.t.t. stærðar bæjarfélagsins. Einnig áttum við ungan pilt sem komst í landsliðsúrtaf í handbolta í sínum aldurflokki. Þetta segir okkur að við erum að gera góða hluti í Völsungi.

Aðalstjórn Völsungs fundar reglulega einu sinni í viku allt árið ásamt framkvæmdarstjóra. Það er mikil vinna að halda utan um íþróttafélag svo vel sé. Í stjórn sitja nú Guðrún Kristinsdóttir formaður, Þóra Kristín Jónasdóttir gjaldkeri, Elín Gunnsteinsdóttir ritari, Már Höskuldsson, Lúðvík Kristinsson meðstjórnendur og til vara eru þau, Emilía Aðalsteinsdóttir og Víðir Svansson.

Nú í desember komu fulltrúa frá KSÍ á fund til okkar og fóru yfir með okkur, ásamt fulltrúum frá Norðurþingi, þær skyldur er leggjast á félagið við að spila í fyrstu deild.

Húsavíkurmótið í handbolta fór fram í vor og var þátttaka góð og framkvæmd öll til fyrirmyndar. Fimleika- og sunddeildin fóru í æfingabúðir á árinu. Mikil ánægja og góður árangur náðist í báðum þessum ferðum. Blakdeildin fór á hið árlega öldungamót sem fram fór í Fjallabyggð og á Dalvík, gönguskiðakrakkar tóku þátt á Andrésarleikunum og svo má lengi telja áfram en það kemur allt fram í skýrslum deilda hérna í blaðinu.

Stjórn félagsins hefur samþykkt að gera félagið að fyrirmyndarfélagi og hefur Viðar Sigurjónsson fræðslufulltrúi ÍSÍ aðstoðað okkur við að stíga fyrstu skrefin í átt til fyrirmyndarfélags. Mikilvægt er að góð samvinna verði innan félagsins við allan undirbúning að þessu verkefni.

Að lokum vil ég þakka öllum þeim sem hafa unnið fyrir Völsung á árinu, þetta er stór hópur sem kemur að því kröftuga starfi, það eru þjálfarar foreldrar, stjórnir deilda, foreldraráð, framkvæmdarstjórar ásamt aðalstjórn Völsungs. Öllum styrktaraðilum eru færðar þakkir fyrir þeirra framlag og góða stuðning á árinu.

Þá vil ég þakka Ingibjörgu Sigurjónsdóttur sálfræðingi á Félagsþjónustu Norðurþings fyrir hennar aðstoð í þeim mörgu erfiðu málum er upp komu innan félagsins s.l. haust. Þessi aðstoð var okkur ómetanlegt og sýndi okkur að þegar á reynir eru allir í samfélaginu tilbúnir til þess að hjálpast að. Þannig á gott samfélag að vera.



Ég óska öllum Völsungum og Húsvíkingum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári með þakklæti fyrir liðið ár.





Guðrún Kristinsdóttir.

Guðrún Kristinsdóttir

Gleðileg jól,
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á árinu sem
er að líða.



Gleðileg jól,
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin á
árinu sem er að líða.




Óskum Húsvíkingum
og nærsveitungum
gleðilegra jóla
og farsæls
komandi
árs.



Óskum Völsungum
og Húsvíkingum öllum
gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári
með þökk fyrir árið sem er að líða



Trésmiðjan Rein ehf



Óskum starfsfólki okkar, fjölskyldum
og Þingeyingum öllum

gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Þökkum árið sem er að líða.



GPG
FISKVERKUN

Íþróttta- og æskulýðsstarf

Mikilvægi íþróttta- og tómsundastarfa!

Bæjar- og sveitarfélagi er nauðsynlegt að hafa á að skipa öflugum íþróttta- og félagsstarfi. Íþróttta- og tómsundafélögin hafa þar veigamiklu hlutverki að gegna sem verður seint fullþakkað.

Mikilvægt er að íþróttir og íþróttaiðkun höfði til fjölbreytts hóps og sé snar þáttur í daglegu lífi og lífsháttum og þar með hluti af lífstíl íbúa.

Almenn lýðheilsa og aukin hreyfing fara vel saman við markmið íþróttahreyfingarinnar. Þar sem hluti iðkenda hefur ekki áhuga á keppnisíþróttum er einnig mikilvægt að koma til móts við þeirra þarfir. Samfélagslegir hagsmunir aukinnar hreyfingar ættu að vera öllum ljósir og fela í sér í senn umtalsverða fjárhagslega forvörn gegn auknum útgjöldum heilbrigðiskerfis framtíðar, auk þess að almenn vellíðan eru viðbótarlífsgæði sem þátttakendur uppskera. Um þetta deila fáir í dag. Heilbrigð þjóð afkastar meiru og skilar meiri arðsemi. Ytri heimskreppa takmarkar ekki hagvöxt heilbrigðis. Aukin hreyfing er á forræði okkar sjálfra.

Íþróttaiðkun almennings fer vaxandi samhliða aukin þrýstings á breytt lífsmynstur vegna velferðarvandamála þjóðarinnar. Samkvæmt rannsóknum vilja fleiri stunda hreyfingu innan vébanda skipulags starfs íþróttahreyfingarinnar. Vandkvæðin eru hinsvegar tengd vissum vanmætti innan þessara sjálfbóðaliðahreyfinga sem hefur að talsverðu leyti byggt skipulag sitt upp í kringum starf afreksíþróttta.

Forvarnargildi íþróttta og skipulagðs félagsstarfs er ótvírætt. Fjölmargar rannsóknir styðja þessa staðhæfingu.

Þegar vísað er til hugtaksins „forvarnir“ er það gjarnan tengt óafturkræfum útgjöldum. Á síðari tímum hafa menn gert sér grein fyrir því að forvarnir tengjast fremur skynsamlegri fjárfestingu til framtíðar en útgjöldum. Forvörnum er ætlað að takmarka afleiðingar vandamála sem annars yrðu samfélaginu mun kostnaðarsamari en forvörnin sjálf. Í þeim tilvikum þarf ekki flókna hagfræði til að sjá arðsemi fjárframlaga til forvarna. Eðli forvarna er markvisst langtímastarf sem felur í sér takmörkun kostnaðar til framtíðar fremur en útgjöldum við að slökkva aðsteðjandi elda. Vísindalegar rannsóknir sýna með óyggjandi hætti að þátttaka ungmenna í skipulögðu íþróttastarfi er ein besta forvörn sem til er. Þátttaka í íþróttum er á þann hátt skynsamleg ákvörðun fyrir ungmenni sem höfðar til margra og ekki er verra að fátt er skemmtilegra.

Forvarnarstarf gegn áfengis- og vímuefnaneyslu er liður í að skapa börnum þroskavænleg skilyrði. Með því að styðja börn og ungmenni í því að hafna neyslu áfengis og annarra vímuefna er stuðlað að velferð þeirra og lífsgæðum. Vímuvarnarverkefnið sem Íþróttafélagið Völsungur hefur verið með í gangi undanfarin ár er eftirtektarvert. Bæði með tilliti til brottfalls ungmenna úr íþróttum og svo að stuðla að afstöðu gegn áfengis- og vímuefnaneyslu. Íþróttahreyfingin sem og önnur félagasamtök byggja starf sitt á vinnuframlagi þúsunda sjálfbóðaliða sem inna af hendi griðarlega mikilvæg störf í þágu samfélagsins. Mikil skuldbinding er fólgin í því að vera í forystu hjá stóru sérsambandi, félagi eða samtökum. Þessir einstaklingar eru stöðugt að og verkefni eru afar fjölbreytt.

Standa þarf vörð um íþróttta- og félagsstarf og meta samfélagslegt gildi þess samhliða markaðslegum ávinningi. Hvort heldur sem um er að ræða forvarnir eða heilsurækt. Hér í Norðurþingi eru starfandi mörg félög sem rekin eru af metnaði og dugnaði þeirra einstaklinga sem að þeim koma og verður seint þakkað framlag þeirra til samfélagsins.

Við þurfum að leggja áherslu á að hlúa að grasrótta- og ungmennastarfi íþróttafélaga og annarra félagasamtaka. Hvetja þarf alla til dáða og er samstaða lykilatriði til að ná árangri.

**Með ósk um gleðileg jóla og farsælt komandi ár!
Jóhann Rúnar Pálsson Tómsunda- og æskulýðsfulltrúi Norðurþings**



Óskum Húsvíkingum og nærsveitungum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

STEINSTEYPIR

Óskum Húsvíkingum og Þingeyingum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Þökkum viðskiptin á árinu.

**GARÐARSHÓLMÍ
SÍMI 464 2325**



Óskum Húsvíkingum og nærsveitungum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

CH Þökkunarfélag ehf.



Óskum Þingeyingum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Þökkum samskiptin á árinu sem er að líða.



Óskum Húsvíkingum og Þingeyingum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.



Óskum gestum okkar og öðrum Húsvíkingum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári með þökk fyrir samskiptin á árinu.



Til hvers að æfa sig?

Jólahugvekja sóknarprests

Þetta þykir einhverjum undarlegt upphaf á jólahugvekju. Það yrði talið skrítið af íþróttamanni ef hann hætti að æfa í þrótt sína en ætlaði engu að síður að taka þátt í keppni. Það yrði ekki talið skákmanni til tekna ef hann æfði ekki skák en ætlaði sér samt að verða stórmeistari. Listamaður þarf að þjálf sig í list sinni svo að hann geti náð sem mestum árangri. Sá einstaklingur sem leggur út á braut stjórnmálanna ókunnur stjórnmálum yrði fljótt gersgraður af hinum þjálfaða stjórnmálamanni sem væri andstæðingur hans. Skíðagöngumaður kæmist vart úr stað nema með því að þjálf sig. Þá gæti hann hugsanlega hneppt sigurhross. Mér er hugsað til skíðagöngukonunnar sem okkur Húsvíkum er að góðu kunn, en hún stefnir á suðurpólinn um þessar mundir. Jólin verða henni ógleymanleg fyrir vikið. Ein úti á ísbreiðunni í brunakulda. Yfir henni heiðblátt himinhvolfið þakið stjörnum sem vísa henni veg líkt og vitringunum forðum. Vafalaust eru góðar vættir með henni sem vernda hana og styðja á alla lund, jólaengill sem vakir yfir henni, andi Guðs sem gefur henni þrek til að ganga inn í óttann, takast á við hann og sigrast á honum skref fyrir skref.


Það er best að vera við sinni örlagastund búinn. Þjálfun hugans er krafa hinna andlegu viðfangsefna, þjálfun líkamans er krafa hinna ytri viðfangsefna. Þjálfun er þroskandi og gefur viðfangsefninu æðra markmið. Því betur sem maðurinn þjálfar sig og fullkomnar í viðfangsefni sínu því betur skilst honum hve fullkomið markmiðið er en jafnframt erfitt. En það er ákaflega þroskandi að glíma við erfiðleika sem verða á vegi okkar. Það er gott að þakka fyrir að vera knúin til að taka á því sem við eigum til. Þá lærum við hófsemi, sjálfsstjórn, iðni, viljafestu svo nokkuð sé nefnt. Þannig getum við snúið erfiðleikum okkar til góðs og gæfu.

Jólafjölskyldan, María, Jósef og Jesúbarnið mættu strax erfiðleikum. Þau lögðu á flóttu frá Betlehemsvöllum því að setið var um líf barnsins sem fæddist á fyrstu jólum. Foreldrar Jesú upplifðu allt tilfinninga stafrófið og gerðu allt sem í þeirra valdi stóð til að vernda barn sitt og ala það upp ásamt bræðrum Jesú, til þess að þau gætu í sameiningu tekist á við lífið í blíðu og stríðu. Forvarnargildi íþróttahreyfinga er augljóst. Það er mjög mikilvægt að kenna börnum og unglingum að takast á við mótlæti innan vallar í leik. Það skilar sér þegar þau eru utan vallar og þurfa að kljást við erfiðleika sem þau mæta í lífi sínu, innan sem utan veggja heimila sinna.

Það er lífstíðarverkefni að vera foreldri í dag í fjölþættum heimi upplýsingatækninnar. Þar eru mörg vítin að varast og ekki laust við að foreldrar finni fyrir hjálparleysi í þeim efnum. Jesús átti ekki spjaldtölvu eða nettengdan síma. Hann kenndi í dæmisögum. Við þurfum að tala meira við börnin okkar, veita þeim óskipta athygli á hverjum degi, vera örlát á hrós í þeirra garð til að efla sjálfsmynd þeirra, kenna þeim að takast á við erfiðleika, kenna þeim að elska sig sjálf og lífið í öllum sínum fjölbreytileika, með öllu því sem það færir okkur. Löðum og leiðum þau að jötu Jesúbarnsins, minnug þess að hann er besti þjálfari í mannlegum samskiptum sem völ er á.

**Gleðileg jól og farsælt komandi ár.
Sr. Sighvatur Karlsson**

Gleðileg jól,
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á árinu sem
er að líða.




Þekkingarnet
Þingeyinga

Gleðileg jól
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á árinu sem er að líða.



LAGNATAK
GARÐARSBRAUT 20B
640 HÚSAVÍK SÍMI: 464-2525

Gleðileg jól,
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á árinu sem
er að líða.



HÖFÐAVÉLAR ehf.

Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
Megi framtíðin vera björt.
Þökkum liðnu árin.



VÍSIR



Þökkum viðskiptavinum okkar
GLEÐILEGRA JÓLA
og farsæls komandi árs.
Þökkum viðskiptin á árinu.



Garðarsbraut - Húsavík

Yngri flokkar í knattspyrnu



Kjartan Páll framkvæmdastjóri.



Frá lokahófi yngri flokka.

Barna og unglíngaráð var sett á laggírnar síðastlíðið vor.

Megin markmið þess er að hafa betri heildarsýn yfir starf yngri flokka Völsungs. Við fórum af stað með nýtt launakerfi þjálfara og erum við viss um að það er góð sátt með það. Einnig tókum við upp á þeirri nýjung að borgar dómurum og aðstoðar dómurum fyrir þeirra starf og það var mikil ánægja með það, enda var mikið af flottu fólki sem kom að því og náðist að manna alla heimaleiki sumarsins með heimafólki.

Við höldum eitt markamannsnámskeið í sumar sem kom bara nokkuð vel út og er stefnt að því að halda annað fljótlega á nýja árinu. Í lok nóvember síðastlíðinn var svo farið af stað með sex vikna tækninámskeið (í samstarfi við meistaraflokk) sem verður tekið í tveimur hlutum, þrjár vikur fyrir jól og þrjár vikur eftir jól.

Við hlökkum til nýrra verkefna og lítum björtum augum til framtíðar.

Barna og unglíngaráð er þannig skipað:

Formaður: Hreiðar Másson.

Ritari: Sóley Sigurðardóttir.

Erna Björnsdóttir.

Fulltrúi þjálfara: Róbert Ragnar Skarphéðinsson.

Fulltrúi úr meistaraflokksráði: Þór Stefánsson

**F.h. Barna og unglíngaráðs.
Hreiðar Másson.**

3. flokkur kvenna

Í sumar voru 17 stelpur að æfa í 3.fl.kvk. Þær voru skráðar í Íslandsmót og bikarkeppni Norðausturlands. Íslandsmótið hófst 19. maí en þá var spilað fyrir sunnan, nánar tiltekið inni í Egilshöll, á móti Fjölni 2. Ekki byrjuðu leikar eins og áætlað hafði verið því eftir 5 mínútna leik höfðu Fjölnisstelpur skorað tveggis, okkar stelpur snéru þó taflinu við og unnu 9-3 sigur í fyrsta leik.

Við tóku tveir heimaleikir á móti sameinuðu liði Fylkis, Leiknis og ÍR (af hverju ekki fleiri Reykjavíkurlið sameinuð?) og svo liði Þórs 3. Stórir sigrar unnust í báðum þeim leikjum og óhætt að segja að sumarið hafi byrjað vel. Þegar riðlakeppni lauk seinni part ágúst var tínt til hvað hafði safnast í sarpinn og var það heil gomma af stigum. 12 leikir og stúlkurnar taplausar í efsta sæti riðilsins sem boðaði ekkert annað en úrslit.

Einnig höfðu stúlkurnar unnið sér það inn að spila til úrslita í bikarnum. Síðasta dag ágúst mánaðar var svo leikið í úrslitum á móti KR á Blönduósvelli. Eftir mikla taugaspennu í upphafi leiks og mikla baráttu unnu okkar stelpur sigur eftir framlengdan leik sem þýddi að þær væru komnar í undanúrslit í Íslandsmóti. Tveimur dögum síðar var spilaður leikur við Fjölni. Sá leikur var uppröðunarleikur um það hvort liðið mundi mæta Þór eða Breiðablik. Þetta varð hörkuleikur sem hefði getað dottið báðum megin en því miður tapaðist hann 2-1. Viku síðar voru það bikarúrslit inn á Akureyri á móti Þór og þurftum við að bíta í það súra epli að fara heim með silfurverðlaun eftir þann leik. 16. september var keppt í undanúrslitum Íslandsmóts á móti Breiðablik sem hafði betur gegn okkur og varð svo nokkrum dögum síðar Íslandsmeistari í 3.fl.kvk. Stelpurnar geta þó borið höfuðið hátt eftir gríðarlega flott sumar. 3.- 4. sæti í Íslandsmóti er frábær árangur og oft á tíðum spiluðu stelpurnar flottan fótbolta og uppskáru eftir því. Miklar framfarir urðu hjá stelpunum og fannst okkur mikill knattspyrnulegur þroski og leikskilningur ávinnast í sumar. Hópurinn var þéttur og skemmtilegur og gríðarlega duglegur við að hafa gaman innan vallar sem utan. Metnaður allra leikmanna er einnig aðdáunarverður og sigurvillj þeirra í bland við leikgleði fleytti þeim langt í sumar. Margar stelpur stigu upp þegar aðrar vantaði og þó nokkrar fengu misstór hlutverk hjá meistaraflokki á liðnu sumri. Einnig verður að minnast á vasklega framgöngu Huldu Óskar Jónsdóttur sem komst í lokahóp u-17 landsliðsins í sumar og skoraði þar mark í sínum fyrsta landsleik.



3. flokkur. Hulda Ósk Jónsdóttir.

**Við þökkum kærlega fyrir frábært sumar.
Alli Jói og Ingvar Björn**

3. flokkur karla

Þetta tímabil æfðu á milli 18 og 20 strákar í þessum flokki. Við tókum þátt í Greifamóti í Boganum á Akureyri í lok febrúar. Þangað fórum við með A. og B.-lið og stóðu bæði lið sig vel og lék B.-liðið til úrslita en tapaði með marki á lokamínútu leiksins gegn KA-b.

Í lok apríl þeystumst við svo austur á Reyðarfjörð með 3.fl. kvk þar sem bæði kynin tóku þátt í árlegu Alcoamóti í Fjarðarbyggðarhöllinni. Ágætis spilamennska var á þessu móti en strákunum voru gjörsamlega mislagðar fætur fyrir framan mark andstæðinganna en annars var þessi ferð mjög skemmtileg og krakkarnir algveg „magnaðir saman“.

Íslandsmótið hófst svo seinni partinn í maí en þar voru strákarnir í C-deild ásamt Fram, Þór, Grindavík, Gróttu, Njarðvík, Dalvík og Snæfellsnesi. Mótinu lauk svo í lok ágúst og enduðum við um miðja deild og var helsta áhyggjuefni sumarsins það sama og um veturinn, þessir blessuðu „flækjufætur“, en ekki vantaði að strákarnir sköpuðu sér mýmörg marktækifæri í leikjum sumarsins og hafa menn rætt um að fá „netagerðarmeistarann“ Kára Pál J. til að vinna ofan af þessari flækju enda öllum „hnútum“ kunnugur.

Við tókum líka þátt í bikarkeppni Norðurlands þar sem við töpuðum á markamun gegn sameiginlegu liði KF/Tindastóls og komumst því ekki í úrslitin á móti KA. Einn úr hópnum var valinn í drengjalandslíð Íslands sl. sumar en það var Ásgeir Sigurgeirsson og var hann einn af lykilmönnum liðsins í leikjum þess þetta árið. Ásgeir fór einnig mikinn með mfl. Völsungs í sumar og raðaði inn mörkum. En það var miður fyrir alla að hann spilaði ekki einn leik með 3.fl. í sumar og var hans sárt saknað af félögnum á þeim bænum enda drengur góður, en eins og einhver sagði „menn geta jú ekki verið allst staðar“ Þeim foreldrum sem sýndu áhuga á að starfa með okkur kann ég beztu þakkir fyrir en við ykkur hin segi ég bara að þið misstuð af mjög miklu.

Svona í lokin verð ég að þakka sérstaklega tveimur pöbbum fyrir frábært samstarf í sumar sem og endranær en það eru Gústi „aftur verkalýðs“ og ráðherra samgöngu og félagsmála flokksins og hinn er Guðbjartur en hann var skráður á leikskýrslu í sumar sem aðstoðarþjálfari, lækni, sjúkráþjálfari og forráðamaður, já og svo er hann staðgengill líka !!! Takk fyrir árið strákar þið voruð bara flottir.



3. flokkur. Mynd: 640.is

Jólakveðja,

Róbert Ragnar Skarphéðinsson.

4. flokkur kvenna

11 stúlkur hófu æfingar með 4. flokki kvenna í sumar. Þar sem ekki voru fleiri stúlkur að æfa í þessum flokki lá það beinast við að skrá þær til leiks í 7 manna bolta í Íslandsmóti. Rétt fyrir mót urðum við fyrir því áfalli að okkar eini markmaður handleggsbraut sig og vorum við þá orðnar markmannslausar fram á mitt sumar.

Stelpurnar létu það ekki trufla sig of mikið, skiptust á að standa vaktina í markinu og hófu sumarið nokkuð vel þar sem byrjað var á fjórum útileikjum. Þrjár sigrar og eitt tap staðreynd. Þá tók við heimaleikjatarinn en þá komu einmitt fjórir heimaleikir í röð, þrjár sigrar og eitt jafntefli sem þýddi aðeins eitt. Sigur í riðlinum og mátti renna austur á Hornafjörð með stúlkurnar í úrslit sem fram fóru síðustu helgina í ágúst.

Á laugardeginum byrjuðum við á því að leika gegn Hetti og endaði sá leikur með jafntefli, næst var það Gróttu og vannst þar frækinn 3-2 sigur sem leiddi til þess að úrslitaleikur á sunnudeginum á móti heimastúlkum í Sindra var staðreynd. Ekki var sá leikur gjöfull og Sindri því Íslandsmeistari í 4.fl.kvk. í 7 manna bolta.

Stelpurnar geta engu að síður borið höfuðið hátt enda finnr árangur sem þær náðu þetta sumarið inni á vellinum. Mikil bæting var hjá stelpunum á æfingum og sáum við góðar framfarir út í gegnum sumarið. Þó hefði æfingasókn mátt vera betri.

Með þökkum fyrir allt saman.

Alli Jói og Ingvar Björn.

4. flokkur karla

Sumarið 2012 var mjög gott og skemmtilegt. Það voru 13 -14 strákar sem æfðu að jafnaði.

Í mars var farin æfingaferð í Bogann og spilað við Þór. Helgina 28.- 29. apríl var farið á Fjarðarásmót og spilað við Dalvík – Þór – Fjarðarbyggð og Hött. Spilað var í Fjarðarbyggðarhöllinni á Reyðarfirði í 11 m. liðum. Þar voru okkar menn sprækir og komu heim með silfurpening um hálsinn. Mjög gott mót.

Íslandsmótið byrjaði 25. maí og var fyrsti leikur spilaður á Ýdalavelli við Hött. Það voru spilaðir 14 leikir í Íslandsmóti 7 heimaleikir og svo farið á Blönduós, Sauðárkrók, Ólafsfjörð, Dalvík, Akureyri, Egilsstaði og Fáskrúðsfjörð. Þannig að það eru margir kílómetrar sem þarf að keyra í leiki.

25. ágúst var síðasti heimaleikur og var hann spilaður á gerfigrasvelli við Kormák/Hvöt og má segja að það hafi verið úrslitaleikur um 1. sæti í norður/austur riðli. Völsungsstrákarnir börðust vel allan leikinn og sigruðu 4-3. Þeir urðu efstir í riðlinum og ljóst að þeir væru komnir í 8 liða úrslit um Íslandsmeistaratitilinn.

Helgina 7. – 9. september var farið suður í Kópavog og keppt við ÍBV, FH og HK. Voru það hörkuleikir og okkar menn að berjast við stór félög. Þeir enduðu í 7.- 8. sæti ásamt Grindavík. Mjög góður árangur. Ef dugnaður og leikgleði fylgir þessum strákum áfram, geta þeir það sem þeir ætla sér.



4. flokkur karla.

Jólakveðja Boban Jovic.

5. flokkur kvenna

Í 5.flokki kvenna sumarið 2012 voru í kringum 26 stelpur. Æfingaástaðan með örlítið breyttu sniði, þar sem við æfðum á "Hólaravelli" vegna byggingar nýs gervigrasvallar, ekki var æfingasvæðið neitt svakalega slétt en stelpurnar létu það ekki á sig fá og slógu þær met í mætingu þetta sumarið.

Við tókum þátt í Íslandsmóti með bæði a og b lið. Spilaðir voru stakir leikir jafnt og þétt yfir sumarið, þar sem stelpurnar sýndu mikinn metnað og dugnað og vorum við hársbreidd frá því að komast í úrslit þ.e.a.s. vorum jöfn öðru liði og svo var dregið og ekki komumst við áfram. Er ég mjög stolt af þessum hópi. Einnig skelltum við okkur á Landsbankamót á Sauðárkróki með hvorki meira né minna en 3 lið þ.e. eitt a lið og tvö b lið. Ég vil meina að á þessu móti hafi margar hverjar tekið gríðarlegum framförum og lært mikið, þar sem mikið var um leiki og fátt um skiptimenn og urðu þær því að standa sig, enda voru batteríin kláruð þessa helgina og allir komu dauðþreyttir en sátir heim.

Takk æðislega fyrir þetta sumar stelpur í von um að allar haldi áfram í boltanum.
Áslaug Guðmunds.

5. flokkur karla

Rúmlega 20 drengir æfðu með 5 flokki í sumar og fóru æfingar mest megnis fram á sparkvöllum við skólann en annað slagið gerðum við okkur ferð suður á Flatarholt og æfðum þar.

5.flokkur drengja var skráður með tvö lið í Íslandsmóti í sumar og tók einnig þátt í Króksmóti sem fór fram á Sauðárkróki.

Ýdalavöll gerðum við að okkar heimavelli og spiluðum við þar okkar heimaleiki framan af sumri áður en glæsilegur gervigrasvöllur var tekinn í notkun.

Framan af sumri áttum við í basli með að ná upp góðu spili en eftir því sem leið á sumarið jókst sjálfstraustið hjá strákunum og batnaði þar af leiðandi spilamennskan hjá þeim til muna og voru þeir farnir að spila flottan bolta oft á tíðum sem sýndi sig kannski best á Króksmótinu en þar lenti annað liðið í 2. sæti í úrslitum í riðli 1 og hitt vann úrslitin í riðli 3.

Það sem þjálfurunum fannst standa upp úr þetta sumarið voru framfarir hjá bæði einstaklingum og liðinu í heild sinni. Að því sögðu er vert að taka það fram að við, ásamt strákunum skemmtum okkur konunglega í sumar og þökkum hér með fyrir það.

Alli Jói og Kristján Gunnar

6. flokkur kvenna

Það voru 24 stelpur sem æfðu síðastliðið ár í 6. flokki. Aldrei hef ég kynnst svona samviskusömum hópi stúlkna við æfingar, þær mættu mjög vel og uppskáru eftir því.

Þær tóku þátt í héraðsmóti HSP í fótbolta innanhús sem var haldið hér á heimavelli.

Í febrúar fórum við svo með 3 lið á Goðamót og er óhætt að segja að árangurinn hafi verið góður, mikil leikgleði og miklar framfarir.

Í sumar var svo farið á tvö mót, Landsbankamót á Sauðárkróki og Strandamót á Árskógsströnd þar sem þær kepptu bara við stráka og stóðu sig frábærlega.

Tvö lið fóru á Hnátumót KSÍ í Fellabæ í júní og þar vann B-liðið sinn riðil og keppti til úrslita á Akureyri í ágúst. Þar gerði B-liðið sér lítið fyrir og vann mótið og stóð uppi sem Hnátumótsmeistari Norður- og Austurlands, frábært hjá þeim.

Í lok sumars spiluðum við svo hér á nýja gervigrasinu á Húsavíkurmótinu og var það frábær endapunktur á knattspyrnuárinu, mikil leikgleði, góður árangur og ánægja í lokin.

Framan af hausti æfðum við svo á gervigrasvöllum við mikla ánægju. Ég vil þakka fyrir ánægjulegt ár og vona að það næsta verði ekki síður skemmtilegt.



6. flokkur kvenna.

Boltakveðja
Unnar Þór

6. flokkur karla

Það voru 18 strákar sem æfðu síðastliðið ár í 6. flokki. Þeir voru mjög duglegir að mæta á æfingar og tóku þar af leiðandi miklum framförum.

Í vetur tóku þeir þátt í héraðsmóti HSP í fótbolta innanhús, sem að þessu sinni var haldið hér á Húsavík.

Í mars var svo farið með tvö lið á Goðamót og er óhætt að segja að strákarnir hafi þar staðið sig frábærlega og vaxið mikið sem leikmenn.

Í sumar var farið á tvö mót, Strandamót á Árskógsströnd og Króksmót á Sauðárkróki, auk þess sem tekið var þátt í Pollamóti KSÍ á Akureyri. Í þessum mótum stóðu þeir sig mjög vel og höfðu mikla leikgleði sem skilaði þeim góðum árangri.

Í lok sumars spiluðum við svo hér á heimavelli á Húsavíkurmótinu og var það frábær endapunktur á knattspyrnuárinu, mikil leikgleði og ánægja í lokin.

Framan af hausti æfðum við svo á gervigrasvöllum við mikla ánægju drengjanna.

Takk fyrir skemmtilegan tíma, veriði duglegir að æfa og þá verður næsta ár enn skemmtilegra en það síðasta.



6. flokkur.

Boltakveðja
Unnar Þór

7. flokkur

Í vetur og sumar voru um 30 krakkar að æfa fótbolta. Krakkarnir lögðu sig mikið fram og var alltaf fjör á æfingum, sérstaklega í sumar þar sem að veðrið lék við okkur meiri hlutann af sumrinu.

Krakkarnir tóku mjög miklum framförum og var gaman að fylgjast með þeim bæta sig á æfingum og á mótum.

Yfir vetrartímann fórum við á eitt mót í Boganum þar sem við fórum með 5 lið. Í sumar tókum við þátt á Strandarmótinu og einnig á

Kiwanismótinu. Á þessum mótum vorum við einnig með 5 lið, 3 stráka lið og 2 stelpu lið. Krakkarnir stóðu sig með þryði á öllum þessum mótum og allir skemmtu sér vel.

Það verður einstaklega gaman að fylgjast með þessum hóp í framtíðinni og erum við viss um að þarna leynast upprennandi fótboltastjörnur.

Harpa, Jana, Arnar, Lovísa, Dagbjört og Ásgeir.

8.flokkur

Í sumar ákvað Völsungur að hafa 8. flokk í knattspyrnu fyrir stelpur og stráka saman. Haldið var átta vikna námskeið með tveimur æfingum í viku og var síðan endað á því að keppa á Kiwanismótinu í lok ágúst.

Krökkum á aldrinum 4-6 ára var boðið að koma á æfingar á gervisgrasvöllumunum. Strax á fyrstu æfingu var góð þátttaka og krakkarnir virkilega spenntir, enda fyrsta fótboltaæfingin hjá flestum.

Eftir því sem leið á námskeiðið varð þátttakan alltaf betri og voru oftast í kringum 22 krakkar á æfingu. Æfingarnar einkenndust að mestu leyti af skemmtun og að krakkarnir fengju tilfinningu fyrir boltanum. Í þennan klukkutíma sem æfingin stóð yfir var mikið líf og fjör á völlumunum og skælbrosandi krakkar hlaupandi út um allt. Þrátt fyrir ungan aldur var til staðar mikill metnaður og margir hverjir efni í góða knattspyrnumenn. Tíminn var stuttur en á þessum tíma sáust miklar framfarir og krakkarnir voru flestir farnir að ná góðu valdi á boltanum. Síðan rann upp keppnisdagur sem krakkarnir voru búnir að bíða eftir í langan tíma. Allir stóðu sig eins og hetjur og gengu sáttir af velli.

Það verður gaman að fylgjast með þessum krökkum í framtíðinni.



7. flokkur.

Ragna, Anna Guðrún, Jana Björg og Lovísa.

Kiwanismótið 2012 Vígsla gervigrasvallarinnis

Kiwanismótið fór fram á Húsavík þann 26. ágúst og tóku þar þátt stelpur og strákar í 6. 7. og 8. flokki. Félög frá norður og austurlandi mættu á mótið sem tókst vel í alla staði þrátt fyrir að veðurguðirnir hefðu mátt fara blíðari höndum um þátttakendur. Mótið er árviss viðburður og væri ómögulegt án aðkomu foreldra sem bera þungann af vinnunni í kringum mótið og hér með eru þeim færðar bestu þakkir fyrir. 8. flokkur tók þátt í mótinu í fyrsta skipti en það eru krakkar á aldrinum 4 – 5 ára. Þótti sú nýjung takast vel til og má vel reikna með að þessi breyting sé komin til að vera. Að mótinu loknu voru grillaðar pylsur og var ekki annað að sjá en að almenn ánægja væri með þetta skemmtilega mót.

Miklu munaði um nýjan og glæsilegan gervigrasvöll sem var formlega vígður á mótinu og blessaður af séra Sighvati. Allir leikir mótsins voru því spilaðir á góðum keppnisvöllum þar sem að boltinn rúllaði beint án ófyrirséðra stefnubreytinga. Völlurinn er hinn glæsilegasti og verður gaman að

sjá heildarmynd svæðisins þegar framkvæmdum verður lokið og búningsaðstaðan tilbúin til notkunar. Uppbyggingin á knattspyrnusvæðinu er stærsta framkvæmd á sviði íþróttamannvirkja



Vígsla vallarinnis. Mynd: Skarpur útgáfufélag.



Andri Bergmann á Kiwanismótinu. Mynd: 640.is



Frá Kiwanismóti. Mynd: 640.is



Gervigrasvöllurinn nýji. Mynd: 640.is

hér í bæ frá því að íþróttahöllin var byggð. Nýji gervigrasvöllurinn endurspeglar vilja sveitarfélagsins til að styðja við það öfluga starf sem unnið er í íþróttamálum hjá Völsungi. Íþróttfélagið Völsungur vill hér með koma á framfæri bestu þökkum til Norðurlings og allra þeirra sem með einum eða öðrum hætti gerðu framkvæmd vallarinnis að veruleika.



Völsungsvörurnar frá JAKO
fást í Skóbúð Húsavíkur



Gleðileg jól
og farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin á
árinu sem er að líða.



Gleðileg jól
og farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á árinu sem er að líða.

metro
hárstofa



Snyrtistofan
HILMA
Sími: 464 1837

SJÚKRANUDDSTOFA ÖNNU DÓRU OG GRÉTU

*Óskum viðskiptavinum
okkar og Þingeyingum
öllum gleðilegra jóla og
farsældar á komandi
ári með þökk fyrir sam-
skiptin á árinu.*

tónninn
málningarþjónusta • sími 844 7768

Jólagjöf sem hentar öllum



Pegar þú notar Gjafakort Landsbankans

til jólagjafa verður jólagjöfin aldrei vandamál.

Gefandinn ákveður upphæðina og viðtakandinn velur gjöfina. Þú færð gjafakortið í næsta útibúi.



Ungmenningarhúsið Tún

Frístundaheimilið, félagsmiðstöðin og ungmennahúsið Tún

Sú breyting varð á starfsemi Túns í haust að þar tók til starfa frístundaheimili fyrir börn í 1.-4. bekk Borgarhólsskóla og var skólaseilið þar með aflagt. Allt að 30 börn nýta sér starfið á frístundaheimilinu eftir að hefðbundnu skólastarfi lýkur og er yfirleitt mikið líf og fjör milli þess sem mörg barnanna bregða sér á hinar ýmsu íþróttæfingar Völsungs og fá þau aðstoð starfsmanna við það. Starfsmenn frístundaheimilisins eru auk undirritaðs þau Hanna Stefánsdóttir, Brynja Rún Benediksdóttir og Heiða Elín Aðalsteinsdóttir.

Á mánudögum og fimmtudögum er skipulögð starfsemi í Túni fyrir börn í 5.-7. bekk og á þriðjudags- og fimmtudagskvöldum fyrir ungmenni í 8.-10. bekk. Á mánudagskvöldum er skipulögð dagskrá fyrir aldurshópið 16 til 25 ára. Þessu til viðbótar má nefna klúbbstarfsemi 13 til 15 ára sem hefur verið í mótun í vetur að ógleymdum opnum tíma í íþróttahöllinni á miðvikudagskvöldum. Allar nánari upplýsingar um dagskrá Túns má finna á Facebook síðum aldurshópanna.

Á meðan veður leyfði í haust var farið í skógarferðir og sykurpúðar hitaðir við eld. Bíókvöld hafa verið vinsæl og á keppniskvöldum hefur verið keppt í fótboltaspilinu, borðtennis og skák svo fátt eitt sé nefnt. Á sérstöku stelpukvöldi sýndi förðunarfræðingur stelpunum til verka og farið hefur verið á pizzahlaðborð. Kósíkvöld tveggja yngri hópanna voru eins og gefur að skilja einstaklega hugguleg. Elsta hópnun var boðið í pönnukökur og kakó og hart var barist í stórmóti Túns í Fifa 13. Framundan í vetur eru svo fleiri skemmtilegar og spennandi upptakomur. Við hvetjum börn og unglinga til að sækja Tún og alla foreldra og forráðamenn til að kynna sér starfsemina.



Frá starfsemi í Túni.



Frá starfsemi í Túni.

Nýting á húsinu er góð eftir að frístundaheimilið tók til starfa. Enn er þó nóg pláss fyrir ýmsa heilbrigða og uppbyggilega starfsemi fyrir alla aldurshópa og eru allar hugmyndir um slíkt vel þegnar. Eins má nefna að við í Túni tókum fagnandi við öllu nýtilegu dóti til tómstundaiðkunnar eða félagsstarfs, leikföngum og eigulegum húsgögnum sem kunna að falla til við jólahreingerninguna. Við í Túni sendum Húsvíkingum og nærsveitungum okkar bestu óskir um gleðileg jól og farsæld á komandi ári.

Fyrir hönd Túns
Sigurður Narfi Rúnarsson

Frá Frjálsíþróttadeild Völsungs

Frjálsíþróttastarf Völsungs og annarra félaga í sýslunni hefur verið undir einni sameiginlegri stjórn og starfar undir merkjum HSP síðan 2008.

Haldið hefur verið úti æfingum fyrir eldri en 10 ára undir dyggri stjórn Jóns Benónýssonar (Bróa) á Laugum á sumrin þar sem iðkendur á Húsavík og austan okkur keyra sig 2x í viku, sem og iðkendur úr Mývatnssveit, Bárðardal og Fnjóskadal. Á veturna kemur Brói aftur 2x í viku í Íþróttahöllina á Húsavík og tekur með iðkendur úr Reykjadal og eins koma austan menn 1x í viku yfir veturinn. Iðkendafjöldin hefur nokkuð staðið í stað en heldur færri stunduðu æfingar frá Húsavík í sumar.

Vegna mikillar áhuga hjá yngri krökkunum í vetur á Húsavík, var ákveðið að hafa í fyrsta sinn æfingar fyrir yngri iðkendur á Laugum. Selmdís Þráinsdóttir sá um þessar æfingar 2x í viku. Mæltust þessar æfingar bara vel fyrir og komu iðkendur úr Reykjadal, Mývatnssveit, Bárðardal og Fnjóskadal á æfingarnar. Einn bill kom svo frá Húsavík 1x í viku. Í vetur hefur verið mjög góð mæting, yfir 20 krakkar, á yngri æfingarnar á Húsavík. Hjörvar Gunnarsson og Jana Björg Róbertsdóttir hafa séð um þær í fjarveru Selmdísar en Jana Björg var henni til aðstoðar síðast liðinn vetur.

Með þessu notum við bestu æfingaaðstöðuna í héraðinu en um leið erum við að borga þjálfurum fyrir að koma lengra að á æfingar bæði sumar og vetur og léttir það ekki fjárhagslegan róður íþróttageinarinnar. Jafnframt hefur HSP hætt akstursjóði sínum sem hjálpar ekki okkar iðkendum að keyra um lengri veg á æfingar. Mjög bagalegt en svona er þetta bara eins og stendur.

Heldur hefur fækkað í okkar röðum af afreksfólki en Hafdís Sigurðardóttir gekk í UFA, en hún hefur búið á Akureyri og æft þar lengi. Við þökkum Hafdís fyrir hennar framlag til frjálsra íþróttahjá HSP og óskum henni velfarnaðar hjá nýju félagi.

Þorsteinn Ingvarsson hefur verið meiddur þetta árið og lítið getað beitt sér, vonum við að hann ná sér upp úr þessum meiðslum og komi sterkur til leiks.

Við erum samt stolt af okkar íþróttafólki sem er ungt og efnilegt. Í dag eigum við fjóra í Úrvalshópi FRÍ (Frjálsíþróttasambandi Íslands) unglinga 14-22 ára. Auði Gauksdóttur í hástökki, Brynjar Örn Arnarsson og Elvar Baldvinsson í grindahlaupi, Dagbjörta Ingvarsdóttur í grindahlaupi og langstökki.

Þegar árið er gert upp langar okkur að rifja upp það helsta sem var á döfinni hjá okkar frábæra HSP frjálsíþróttafólki síðast liðið ár.

Á Stórmót ÍR fóru 20 keppendur og var góður andi í hópnum. Keppnin gekk vel, margir bættu sinn persónulega árangur og þrjú héraðsmet féllu. Hópurinn kom heim með 3 gull, 8 silfur og 3 brons.

HSP átti keppendur á báðum yngri Meistaramótum Íslands innan hús. Á MI 11-14 ára fóru 12 keppendur. Við áttum einn Íslandsmeistara Atla Barkarson í hástökki og varð HSP liðið í 11 sæti af 19 liðum í heildarstigakeppninni. Jafnframt var unnið til fjögurra silfurverðlauna og tveggja bronsverðlauna og þrjú héraðsmet féllu.

Á MI 15-22 fóru 8 keppendur og áttum við tvo Íslandsmeistara. Auður Gauksdóttir í hástökki og Elvar Baldvinsson í 60 m grindarhlaupi. Í stigakeppni 15 ára pilta náðu þeir öðru sætinu en í heildarstigakeppni varð HSP í sjöunda sæti.

Sumarvertíðin hófst á Frjálsíþróttaskóla UMFÍ á Laugum í júní. Alls tóku 15 krakkar af starfssvæði HSP þátt á aldrinum 11 - 14 ára. Þjálfarar voru Brói, Selmdís og Andri Hnikarr en foreldrar skiptust á að sjá um matarundirbúning og viðveru.

Sumarleikar HSP 2012 voru haldnir á Laugum helgina 23. og 24. júní í finasta veðri og tókust þeir með ágætum. Þar mættu til leiks 136 keppendur frá 7 félögum; þar af 35 frá HSP. Keppendur okkar stóðu sig með þryði og tóku fleiri yngri og óreyndari keppendur þátt en oft áður. Það er gaman að sjá hvað Sumarleikar HSP skipa orðið stóran sess hjá frjálsíþróttafélögum á Norðurlandi en mörg þeirra fjölmenna á mótið.

Á Meistaramót Íslands 11-14 ára sem haldið var á Laugardalsvelli fóru 9 keppendur og varð Atli Barkarson Íslandsmeistari í langstökk. Einnig unnu þau til þriggja silfurverðlauna og bronsverðlauna. Flottur árangur hjá krökkunum okkar.

Unglingalandsmóti UMFÍ var haldið á Selfossi um Verslunarmannahelgina og þar átti HSP 42 keppendur í ýmsum greinum, þar á meðal 24 í frjálsum íþróttum. Frjálsíþróttakrakkarnir okkar stóðu sig vel og komu heim með 15 verðlaun, 2 gull, 5 silfur og 8 brons. Auður Gauksdóttir varð unglíngalandsmótsmeistari í hástökki og Brynjar Örn Arnarson varð unglíngalandsmótsmeistari í 100 m grindahlaupi. Eitt héraðsmet var sett en Hafdís Dröfn Einarsdóttir bætti met Selmdísar Práinsdóttur frá 2005 í 600 m hlaupi.

Meistaramót Íslands 15-22 ára var haldið að Höfn í Hornafirði og átti HSP 5 keppendur. Alls unnu þau til 10 verðlauna, 3 gull, 4 silfur og 3 brons. Elvar Baldvinsson varð þrefaldur Íslandsmeistari í kúluvarpi, hástökk og 100 m grindahlaup og annar í spjótkaсти.

Í sumarlok héldum við lokamót bæði fyrir yngri iðkendur um miðjan ágúst og svo eldri um mánaðarmótin ágúst/sept. Mótin voru stutt en aðeins var keppt í fáum greinum. Þar gafst keppendum tækifæri að bæta sig enn frekar í lok sumars og kveðja sumarið með stæll. Í lok eldra mótsins voru einnig veitt verðlaun fyrir besta árangur stúlkna og pilta á Sumarleikum HSP. Þau verðlaun komu í hlut Elvars Baldvinssonar fyrir hástök og Örnur Drafnar Sigurðardóttur fyrir hástökk. Eftir mótið var haldin pylsuveisla og að lokum farið í sund. Góður endir á frábæru frjálsíþróttasumri.

Um leið og við endum þessa samantekt á liðnu ári viljum við þakka þjálfurum okkar fyrir árið og þá sérstaklega Bróa fyrir hans frábæra og ómetanlegt starf, foreldrahópnum fyrir velunnin störf á mótum ársins en án hans er þetta ekki hægt og svo öllum sem hafa styrkt okkur á árinu.

Minum svo á að Dagatal HSP fer að koma inn um lúguna.

Fyrir hönd frjálsra íþróttará í héraði

Ágústa Pálsdóttir Völsungi



Friðrika Illugadóttir Eflingu

Arna Ásgeirsdóttir Völsungi



Hulda Skarphéðinsdóttir Einingu

Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir UMF Leifi Heppna


Óskum öllum Völsungum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum samskiptin á liðnu ári.



Gleðileg jól, farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



Gleðileg jól og farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



Fiskeldið á Haukamýri ehf

Óskum öllum Völsungum til sjávar og sveita gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum samskiptin á liðnu ári.




Gleðileg jól farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.





VERSLUNIN TÁKN

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Þökkum viðskiptin á árinu.



Bílalöiga Húsavíkur
Garðarsbraut 66 • Húsavík
Símar 464 1888 & 464 2500

Óskum Húsvíkingum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum liðin ár.



Gleðileg jól og farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



HÁRIÐJAN
Ella og Guðný

Hestamiðstöðin Saltvík óskar öllum Húsvíkingum og öðru góðu og skemmtilegu fólki gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári :)



Óskum öllum
Völsungum
gleðilegra jóla og farsældar
á komandi ári.
Þökkum
samskiptin
á liðnu ári.



Pingeyingar!

Óskum ykkur gleðilegra
jóla og farsældar
á komandi ári.



Þökkum
liðið ár. **PALLURINN**

Gleðileg jól
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á árinu sem er að líða.



Blekhyllki.is

Óska viðskiptavinum mínum og
öðrum Pingeyingum gleðilegra
jóla og farsæls komandi árs.
Þakka viðskiptin á árinu
sem er að líða.

Hárgreiðslustofa
Huldu Jóns
Skálabrekku 11 - S. 464 1885



Óskum öllum Völsungum til
sjávar og sveita gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.

Þökkum samskiptin á liðnu ári.

EG Tölvu- og rafmagnsverkstæði
Jónasson
Löggiltur rafverktaki

Óskum viðskiptavinum
okkar og Húsvíkingum
öllum gleðilegra jóla
og farsældar á komandi
ári með þökk fyrir árið
sem er að líða.



VERMIR s.f.
Pípulagnir

Gönguskíði 2012

Skíðaganga

Það er gaman á gönguskíðum og það er hollt að stunda skíðagöngu. Þess vegna er stór hópur sem stundar orðið skíðagöngu reglulega hér á Húsvík. Brautir eru lagðar í og við bæinn framman af vetri en um og eftir hátíðarnar eru brautir lagðar á gönguskíðasvæðinu uppi á heiði. Þar eru kjöraðstæður til að leggja brautir og þá jafnt fyrir byrjendur og lengra komna.

Deildin hefur staðið fyrir byrjendanámskeiðum og stendur til að halda því áfram. Leitast er við að bjóða þátttakendum skíðabúnað til láns á þessum námskeiðum og er um að gera að prófa og fá leiðsögn um fyrstu sporin, hvort heldur sem um börn eða fullorðna er að ræða. Þess ber að geta að deildin keypti nokkur pör af skíðum og skóm í barnastærðum sem eru einmitt ætluð til að lána yngri iðkendum.

Í apríl hélt deildin Orkugönguna í frábæru veðri og við góðar aðstæður á heiðinni, en vegna snjóleysis var ekki hægt að hafa gönguna frá Kröflu til Húsvíkur eins og lagt er upp með. Í boði voru 1 km, 5 km, 10 km, 20 km og 35 km vegalengdir en 35 km hlutinn gaf stig til Íslandsgöngunnar. Orkugangan er búin að festa sig í sessi sem ein skemmtilegasta ganga landsins og stendur til að gera hana enn öflugri. Benda má á heimasíðu göngunnar, orkugangan.is.

Völsungur átti nokkra þátttakendur í göngukeppnum á árinu víða um land sem stóðu sig að sjálfsgöngu með miklum ágætum. Þannig er Völsungur að festa sig í sessi sem eitt virkasta félagið í gönguskíðaíþróttinni á Íslandi.



Sigurgeir Stefánsson að lokinni Orkugöngu 2012.

*Sjáumst í brautinni og gleðileg jól.
Skíðagöngudeild Völsungs*




Verðlaunaafhending að lokinni Orkugöngu 2012.



Karl Aðalsteinsson og Halldór Ingólfsson í sömu ferð.

JÓLAKVEÐJA HÚSASMÍÐJAN í heimabyggð

Vallholtsvegi 8 Húsavík 464-8500



HÚSASMÍÐJAN

*Heimabakarí
óskar
Völsungum
sem og öðrum
Þingeyingum
gleðilegra jóla*



Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
Megi framtíðin vera björt.
Þökkum liðnu árin.



Hóll ehf
Höfða 11 - 640 Húsavík
Sími/Fax: 464 2200
e-Mail: holl.ehf@simnet.is
Kt. 620788-1559 - Vsk.nr. 01161
VINNUVÉLAR • VERKTAKAR

Sund 2012

Sundárið 2012

Sundstarfið hefur verið með hefðbundnu sniði.

Krakkarnir hafa sótt eftirfarandi sundmót og aðra viðburði:

KR mót Reykjavík 10.-12. febrúar

Páskamót á Húsavík 31. mars

Lionsmót Ránar á Dalvík 12. maí

Uppskeruhátíð Húsavík 1. júní

Verðlaunaafhending og pizzaveisla á Húsavík 7. nóvember

Jólamót Óðins á Akureyri 8. desember.


Þess má geta að krakkarnir stóðu sig öll mjög vel á þessum mótum og bættu mörg hver tímana sína. Þann 9. júní fóru 6 stelpur úr eldri hóp sunddeildarinnar, ásamt þjálfara, farastjóra og tveimur mömmum til Calella á Spáni í æfingabúðir. Calella er lítill bær í um klukkustundar fjarlægð frá Barcelona og státar af útilaug sem er 50x25 metrar af stærð og var við hliðina á hótelinu okkar. Æft var tvisvar sinnum á dag í tvo tíma í senn og lærðu stelpurnar fullt af nýjum æfingum sem sumar er ekki hægt



Hressir sundkrakkar.



Spánarfararnir.



Sundlaugin á Calella.

að gera í litlu lauginni okkar hér á Húsavík. Á meðan dvöl okkar stóð voru einnig börn frá Rússlandi, Svíþjóð, Finnlandi og Færeyjum við æfingar. Á milli æfinga var bærinn, búðirnar og ströndin skoðuð og einn daginn var farið í vatnsleikjagarð. Það voru því alsælur en örþreyttar stelpur sem komu heim að morgni 17. júní eftir 12 tíma ferðalag frá Spáni.

Haustið byrjaði með svipuðu sniði og venjulega, aukning er á iðkendum sem sést best á því að á héraðsmótinu í sundi, sem var haldið 13. október tóku rúmlega

30 börn þátt. Keppendur komu frá Völsungi, Eflingu, Geisla og Austra á Raufarhöfn. Völsungur vann stigakeppnina. Stigahæst í kvennaflokki var Valdís Józsefsdóttir frá Völsungi en enginn karlaþáttakandi uppfyllti þau skilyrði um karlabikarinn sem reglur um þátttöku segja til um. Valdís var einnig valin sundmaður Völsungs og HSP.

Verðlaunaafhending fyrir héraðsmótið var haldin á Húsavík 7. nóvember, þar mættu börnin borðuðu saman pizzu og skemmtu sér vel undir stjórn þjálfara.

Æfingar eru á Laugum tvisvar í viku og sjá Valdís Józsefsdóttir og Patrycja María Reimus um þær. 20 börn frá félögum Eflingu og Geisla æfa á Laugum tvisvar í viku. Eldri stúlkurnar úr Völsungi eru með þeim á æfingum einu sinni í viku. Yfirþjálfari er Árný Björnsdóttir íþróttakennari og heldur hún utan um allar æfingar á svæðinu. Henni til aðstoðar við þjálfun á Húsavík eru: Valgerður Józsefsdóttir, Valdís Józsefsdóttir, Sif Heiðarsdóttir og Guðbjörg Helga Aðalsteinsdóttir. Á Húsavík æfa 32 börn sem skiptist þannig að í yngri hópnum æfa nú 26 börn og í eldri hóp æfa 6 stelpur.

Í stjórn sunddeildarinnar eru: Árný Björnsdóttir yfirþjálfari, Elísabet Sigurðardóttir sem jafnfram er starfsmaður deildarinnar, Margrét Magnúsdóttir og Margrét Þórhallsdóttir.



Valdís Józsefsdóttir.

Að lokum viljum við hjá sunddeildinni óska öllum þjálfurum, iðkendum sem og öllum þingeyingum, gleðilegra jóla og gæfuríks komandi árs.

**Fyrir hönd Sunddeildar Völsungs og Sundnefndar HSP
Elísabet Sigurðardóttir.**



Jóla kvæðja

*Stjórnir og starfsmenn stéttarfélaganna í
Þingeyjarsýslum óska félagsmönnum sínum
og fjölskyldum þeirra, öðrum Þingeyingum
og landsmönnum öllum gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.*

*Framsýn-stéttarfélag
Starfsmannafélag Húsavíkur
Verkalýðsfélag Þórshafnar
Þingið*

Sveitarfélagið Norðurþing óskar Völsungum
og landsmönnum öllum
bjartrar framtíðar,
gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.

Þökkum samskiptin á liðnum árum.



NORÐURÞING

Íþróttaskóli og Hreyfingaskóli Völsungs

Hreyfingaskóli Völsungs

Hreyfingaskólinn er unnin í samstarfi við Borgarhólsskóla. Börnin koma beint úr skólanum í skólann og eru þar í 45 mín. Nú er skólinn í boði fyrir 1.-2. bekk. Um 25 börn eru skráð á haustönninni.

Það hefur verið mikið fjör í tímunum hjá okkur og vonum við að krakkarnir hafi gaman að þessu og haldi áfram að taka þátt í Hreyfingaskólanum á meðan hann er í boði fyrir þau. Það er okkar von að þessi skóli sé kominn til að vera og hægt verði að þróa hann enn frekar í samstarfi við Borgarhólsskóla þannig að við getum boðið uppá markvissa og skemmtilega hreyfingu fyrir börn í framtíðinni.



Myndir úr Íþróttaskóla barnanna.

**Kveðja
Unnar Þór**

Íþróttaskóli Völsungs

Íþróttaskólinn er starfræktur með sama sniði og síðasta vetur, þ.e.a.s. tveir hópar yngri og eldri barna. Í haust eru skráð 50 börn og er það alveg frábært. Við höfum reynt að virkja foreldra til þátttöku enda teljum við þetta eiga að vera ánægjulega stund barns og foreldra. Það er ávallt mikið fjör á laugardögum í íþróttahúsinu þegar börnin mæta á svæðið og fá að hreyfa sig í þessu stóra rými sem í boði er. Þau fá að spreyta sig á ýmsum æfingum og þrautum sem alltaf virðast vekja mikinn áhuga og ánægju hjá þeim og ávallt eru börnin jafn

þakklát þegar tíminn er búinn. Það eru alltaf mörg brosandi andlit sem mæta okkur á laugardagsmorgnum og vonum við að svo verði áfram þegar Íþróttaskólinn hefst að nýju eftir jólafrí.

**Bestu kveðjur
Áslaug, Unnar Þór og Helga**



KEA

síðan 1886

*Óskum Völsungum og Þingeyingum öllum gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári*



Frá Blakdeild Völsungs 2012

Starfsemi blakdeildar Völsungs var með líflegasta móti á árinu sem er að líða. Iðkendur deildarinnar hefur fjölgað mikið á síðastliðnum tveimur árum og stunda nú hátt í fimmtíu manns blak í flokki fullorðinna. Hópur barna og unglunga æfði einnig blak síðastliðinn vetur undir leiðsögn Olgu Siminyakina og Guðrúnar Gísladóttur. Að venju tókum við þátt í nokkrum hraðmótum sem haldin voru á Norðurlandi auk þess sem Völsungur stóð fyrir sínu árlega Nýársmóti fyrstu helgi janúarmánaðar með þátttöku 27 liða.

Völsungur tók einnig þátt í Norðurlandsmóti kvenna ásamt 17 öðrum liðum og höfðum við umsjón með öðru mótinu af tveimur. Norðurlandsmótið er ekki spilað í vetur heldur láta félögin hraðmótin duga. Sex hraðmót eru í boði á Norðurlandi í vetur auk þess sem karlaíð Völsungs tekur þátt í Fjallalamsdeildinni 2012-2013.



Blakarar á Tröllla 2012.

Öldungamóti Blaksamband Íslands, Tröllli 2012, var að þessu sinni haldið í Fjallabyggð 28. – 30. apríl. Mikill áhugi er fyrir öldungablaki á landinu öllu og nú voru keppendur alls um 1000 í 142 liðum, 44 karlaíð og 98 kvennalið. Keppt var í 6 karladeildum og 13 kvennadeildum, alls 424 blakleikir.

Blakfélögin Hyrnan og Súlar á Siglufirði og Rimar á Dalvík voru gestgjafar mótsins og stóðu sig með miklum sóma.

Völsungur mætti til leiks á Öldungamóti BLÍ með 6 lið. Eitt karlaíð sem spilar í 2. deild karla og fimm kvennalið sem spiluðu í 2., 3., 5., 10., og 12. deild kvenna.

Völsungur átti þrjú lið á verðlaunapalli, Völsungur C lenti í 2. sæti í 5. deild og spilar því í 4. deild að ári, Völsungur A í 2. sæti í 2. deild og Völsungur B var í 3ja sæti í 3. deild. Karlaíðið féll í þriðju deild.

Því munum við eiga lið í 2., 3ju, 4ju, 10. og 12. deild kvenna að ári og lið í 3ju deild karla. Öldungamótið 2013 verður í umsjón HK í Kópavogi dagana 28. apríl – 1. maí.

Í sumar var sett upp blaknet í Suðurfjöru og þegar vel viðraði mætti hópur fólks og spilaði blak. Við stóðum fyrir „Strandblaksmóti“ á Mærudögum í sumar. Þrátt fyrir kaldan dag var góð þátttaka, 12 lið tóku þátt. Sigurvegarar Mærudagsmótsins 2012 voru Ingibjörg Gunnarsdóttir og Ólafur Heimir Guðmundsson.

Í haust hófst starfið af krafti. Lið frá Völsungi hafa þegar tekið þátt í þremur hraðmótum, Stjörnumótinu í Garðabæ, Rimamótinu á Dalvík og Haustmóti KA á Akureyri og staðið sig með sóma.

Jöfn og góð mæting er á æfingar og nokkrir nýliðar í karlaflokki hafa bæst í hópinn og er það ánægjuleg þróun.

Kvennalið Völsungs skráði sig í Bikarkeppni BLÍ og beið lægri hlut fyrir deildarmeisturum HK og sterku liði Stjörunnar í fyrri umferð undankeppinnar sem haldin var í Mosfellsbæ í október. Síðari hluti undankeppinnar fer fram í Neskaupsstað í febrúar.



C lið Völsungs á Sigló.



A lið Völsungs á Öldungi 2012.



Karlarnir búnir að útbúa snittur fyrir lokahóf á Sigló.

Í haust hófst aftur blakæfingar barna og unglunga en iðkendur eru flestir á aldrinum 10 - 14 ára. Um er að ræða mjög efnilegan hóp ungra iðkenda og stefnum við á þátttöku þeirra í síðari hluta Íslandsmóts BLÍ á vordögum.

Blakdeildin hlaut styrk frá aðalsjóði í tækjakaup vegna krakkablaksins og er það vel.

Þjálfarar í flokki fullorðinna eru Bjarni Páll Vilhjálmsson, Ólafur Heimir Guðmundsson og Jóna Kristín Gunnarsdóttir.

Um þjálfun krakkablaks sér Ingibjörg Gunnarsdóttir og henni til aðstoðar eru Ólafur Heimir Guðmundsson og Elsa Skúladóttir.

Í stjórn blakdeildar sitja; Sigurður H. Ólafsson formaður og meðstjórnendur eru Anna María Þórðardóttir, Jóna Matthíasdóttir, Jóna Kristín Gunnarsdóttir, Þórunn Harðardóttir og Elín Guðmundsdóttir gjaldkeri.

Nýársmót Völsungs verður haldið 12. janúar 2013 og við bjóðum alla bæjarbúa velkomna í Íþróttahöllina til að fylgjast með skemmtilegu blaki og miklum tilþrifum.

Við sendum Völsungum og öðrum bæjarbúum okkar bestu jóla- og nýárskveðjur.

Jólapistill Skíðadeildar Völsungs 2012

Einn iðkandi hefur verið að stunda æfingar þetta árið, æft er í Kröflu með Mývetningum eins og undanfarin ár.

Byrjaði árið á æfingaferð í Ítölsku Alpana, eða til Vale Di Fiemme. Þetta var 10 daga ferð, með Ármanni og Víkingum frá Reykjavík og svo Mývetningar. Stífar æfingar voru alla daga frá 8 – 13, og skíðað svo frjálst til 15 – 16. Krökkunum var skipt í þrjá hópa, 8 ára og yngri, 9 – 12 ára og svo 13 ára og eldri. Þjálfarar komu frá öllum félögum og skiptu þeir sér niður á hópana. Tókst þessi ferð frábærlega vel, vorum mjög heppin með veður og aðstæður voru mjög góðar.

Um 20 krakkar æfðu á vegum Mývetnings, flest úr Mývatnssveit. Æfingar voru fjórum sinnum í viku og þjálfarar voru Stefán Gunnarsson og Eyrún Björnsdóttir.

Í febrúar tókum við þátt í móti í Oddsskarði. 10. – 11. mars var svo haldið Kröflumót og krökkum að austan boðin þátttaka. Tókst þetta mót sérstaklega vel og verður vonandi að árlegum viðburði. 16.- 17. mars fórum við svo á Dalvík og tókum þátt í Jónsmóti. 18. – 21. apríl voru það svo Andrésar Andar leikarnir. 3 þátttakendur voru frá Völsungi og stóðu þau sig mjög vel. Komum heim með 2 verðlaunapeninga. Guffaleikarnir voru svo haldnir í Kröflu þann 22. apríl og alltaf jafn gaman að taka þátt í þeim.

Engin Héraðsmót voru haldin þennan veturinn. Þökkum við Mývetningum kærlega fyrir skemmtilegan skíðavetur.

Langar mig að benda Völsungum á að öllum krökkum úr nærsveitunum er velkomid að sækja skíðaæfingar Mývetnings.

Skíðadeildin óskar öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs,

Sæunn Helga Björnsdóttir formaður skíðadeildar Völsungs



Ítölsku Alparnir.



Fannar Reykjalin á verðlaunapalli.



Gleðileg jól
farsælt komandi ár

Þökkum viðskiptin
á liðnum árum

ÁFRAM VÖLSUNGUR!



VÍKURRAF ehf.



Framtíðarreikningur vex með barninu

Framtíðarreikningur Íslandsbanka er verðmæt gjöf sem vex með barninu. Hann er bundinn þar til barnið verður 18 ára og ber hæstu vexti almennra verðtryggðra innlánsreikninga bankans hverju sinni.

Með því að stofna Framtíðarreikning í nafni barns safna ástvinir fyrir það í sjóð sem getur seinna meir orðið ómetanlegt veganesti út í lífið.

Þú finnur sérfræðinga í sparnaði í útibúinu þínu á Húsavík.



Finndu okkur á Facebook.

Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000



Jólakaupauki!

Öllum nýjum Framtíðarreikningum og innlögnum yfir 2.000 kr. fylgir bolur eða geisladiskur.*

* Meðan birgðir endast.

Íslandsbanki

MEISTARAFLOKKAR VÖLSUNGS



Á Ísafirði. Mynd: 640.is

endaspretti. Vissulega gott veganesti fyrir leikmennina í undirbúning næsta verkefnis og margt frá sumrinu sem þær lærðu og taka með sér reynslunni ríkari til næstu skrefa. Liðið var skipað ungum og efnilegum heimastúlkum sem lærðu margt á liðnu sumri. Stelpurnar sýndu á köflum úr hverju þær eru gerðar og áttu flotta leiki þó svo að úrslitin hafi ekki alltaf lent réttu megin. Harpa Ásgeirsdóttir fyrirliði var valin besti leikmaður sumarsins á lokahófi Völsungs og Jana Björg Róbertsdóttir var kjörin efnilegust.

Sumarið 2012 var sögulegt að mörgu leyti hjá Völsungi og tímabil sem mun lifa í huga og hjörtum okkar allra til æviloka. Meistaraflokkur kvenna endaði í 3. sæti síns riðils undir stjórn Jóhanns Rúnars Pálssonar og karlaliðið vann 2. deildina með þjálfarann Dragan Stojanovic í broddi fylkingar ásamt Vilhjálmí Sigmundssyni aðstoðarþjálfara en Dragan landaði titlinum á sínu fyrsta ári með liðið.

Kvennalið Völsungs rokkaði upp og niður töfluna en eftir að hafa farið sér hægt og rólega í upphafi sumars kláruðu þær mótið með sæmd og ákveðin hugarfarsbreyting sem átti sér stað um mitt sumar hjá þeim skilaði góðum



Dragan. Mynd: 640.is

Karlalið Völsungs fór mikla sigurför og reis bikarinn eftirsótti á loft í höndum hins unga fyrirliða liðsins Hrannars Björns fyrir framan fulla brekku á Húsavíkurvelli þann 22. september. Liðið átti sterkasta heimavöll landsins í sumar en það tapaði ekki leik á Húsavíkurvelli auk þess að fá aðeins á sig fjögur mörk þar allt sumarið og tvö af þeim mörkum komu úr vítaspyrnum. Liðið vann níu leiki og gerði tvö jafntefli hér heima sem skilaði 29 stigum af 33 mögulegum en það er einsdæmi á landinu sumarið 2012, frábær tölfræði. Völsungliðið var í toppbarráttu 2.deildar allt sumarið og sterkur karakter og trú liðsins á verkefninu skilaði bikarnum heim. Sem dæmi kláruðu strákarnir tvo leiki í röð á síðustu sekúndunum og það er merki um trú og vilja í sinni tærustu mynd. Uppgjöf var ekki til í þeirra orðabók og misstu þeir aldrei augun af markmiðum sínum en þessi reynsla mun reynast dýrmæt næsta sumar er þeir mæta til leiks í mun sterkari deild. Ásgeir Sigurgeirsson kom sem ferskur blær inn í lið Völsunga aðeins 15 ára gamall og skoraði sex mörk í sumar sem gerir hann að yngsta leikmanni Völsungs frá upphafi er afrekar slíkt í meistaraflokki félagsins. Einninn annar svo ungur hefur sýnt slíka tölfræði en að auki lagði hann upp tvö mörk. Völsungur eignaði sér uppgjörshátíð stærsta knattspyrnumiðils landsins undir lok sumarsins en Fotbolti.net stóð fyrir verðlaunaafhendingu þar sem þjálfarar og fyrirliðar deildarinnar greiddu atkvæði. Dragan Stojanovic var kosinn þjálfari ársins, Dejan Pesic besti leikmaðurinn og Hrannar Björn Bergmann Steingrímsson efnilegasti leikmaður deildarinnar. Auk þess áttum við þrjá aðila í liði ársins þá Hrannar Björn, Marko Blagojevic og Dejan Pesic. Á lokahófi Völsungs voru þeir Dejan Pesic og Ásgeir Sigurgeirsson svo kjörnir bestur og efnilegastur að mati liðsfélaga sinna.

Völsungar voru mikið á ferðinni með yngri landsliðum Íslands í sumar en Ásgeir Sigurgeirsson fór á Norðurlandamótið í Færeyjum með U17, Hafþór Mar Aðalgeirsson spilaði með U19 gegn Eistlandi og æfði með hópnum í undirbúningi fyrir Evrópumótið í Króatíu en þurfti að draga sig út úr hópnum vegna meiðsla. Hulda Ósk Jónsdóttir ferðaðist til Slóveníu með U17 og tók þátt í undankeppni EM auk þess sem Dagbjört Ingvarsdóttir, Jana Björg Róbertsdóttir, Arnþór Hermannsson og Hrannar Björn Bergmann Steingrímsson tóku öll þátt í landsliðsæfingum á árinu.



Ruth Ragnarsdóttir.
Mynd: 640.is



Dejan Pesic. Mynd: 640.is

Græni Herinn umfjöllunarteymi Völsungs vakti mikla athygli um allt land en í sumar var öllum leikjum meistaraflokka bæði karla og kvenna lýst beint á netinu sem og hægt var að sjá og lesa umfjallanir, myndir og myndbönd frá leikjum liðanna á netinu en slíkt er einsdæmi á landinu. Þeir félagar Rafnar Orri Gunnarsson og Ingvar Björn Guðlaugsson stóðu fyrir batteríinu auk Hafþórs Hreiðarssonar með hjálp skæruliða hersins sem komu að ýmsum verkefnum. Með metnaði og umgjörð líkt og raun bar vitni kviknaði áhugi heimamanna sem og brottfluttra á liðinu en áhugi fólks um gengi og starf Völsungs var augljós og reis hærra og hærra eftir því sem leið á sumarið. Stuðningur við liðið og leikmenn félagsins er afar mikilvægur partur af stóru heildarmyndinni svo hægt sé að ná árangri og með því að búa að einstöku umfjöllunarteymi og umgjörð er ljóst að það skilar sér innan sem og utan vallar.

**Knattspyrnuráð Völsungs skipa þeir
Hermann Arnar Sigurðsson formaður,
Þór Stefánsson,
Þorkell Lindberg Þórarinnsson,
Hilmar Dúi Björgvinsson
og Orri Freyr Oddsson.**



Fyrirliðinn lyftir bikarum. Mynd: 640.is



Sigurhringur. Mynd: 640.is



Hrannar fagnar fallegu marki gegn HK. Mynd: 640.is



Marki fagnað. Mynd: 640.is



Troðfull brekka. Mynd: 640.is

Frá Handknattleiksráði



Gunni Illugi í bikarleik gegn Stjörnunni.

Handboltinn rúllar áfram!

Handknattleiksiðkun á Húsavík er með áþekktum hætti og síðastliðið ár. Í árslok 2012 eru starfræktir 4., 5. og 6./7. flokkar drengja og 5./6. flokkur stúlkna. Mikil áhersla hefur verið lögð á að koma af stað stelpnaflokkum í handbolta, en um árabíl hefur ekki náðst að manna þá flokka. Í haust var sem fyrr farið af stað með stelpnaflokka og auglýstir æfingátímar en þátttaka er enn of lítil hjá stelpunum. Handboltþjálfarar Völsungs þennan veturinn eru Alexander Jónasson, Jónas Emilsson, Heiða Elín Aðalsteinsdóttir og Benedikt Jóhannsson. Auk þess er Vilhjálmur Sigmundsson handboltanum innan handar við þjálfun sem fyrr.

Gaman er að segja frá því að einn 4. flokkspilta, Ásgeir Kristjánsson var nú á haustmánuðum valinn í landsliðsúrtaf U-16 hjá HSÍ. Nú á milli jóla og nýárs eru einnig fyrirhugaðar æfingar hjá sama hópi og hefur Ásgeir verið valinn áfram til æfinga með þeim úrtakshópi. Þetta er mikil hvatning og viðurkenning fyrir bæði hann og félag hans í 4. flokki.

Handknattleiksráð er sérstaklega ánægt með þetta öflugra þjálfarateymi. Þátttaka í yngri flokkum hefur farið vaxandi á árinu og eru iðkendur nokkru fleiri á haustmisseri en voru í á liðnu ári. En betur má ef duga skal og verður sérstaklega horft til stelpnanna á komandi ári.

Meistaraflokkar hafa ekki verið í deildarkeppnum þennan veturinn en karlarnir hafa þó æft og keppt í bikarkeppni HSÍ. Í fyrstu umferð var leikið gegn Handknattleiksfélagi Reykjanesbæjar og vannst sá leikur örugglega þar sem okkar menn sýndu góð tilþrif og má geta þess að Völsungar skoruðu flest mörk allra liða í þessari umferð bikarsins, alls 38 talsins. Sindri Ingólfs setti 10 mörk, Eyþór Trausta 9, Benni og Lexi 7 hvor og Alli Jói lokaði markinu og varði á 3ja tug bolta! Völsungar voru því komnir í pottinn með 16 sterkum handboltaliðum og spenntu einhverjir greipar í þeirri von um að fá draumadráttinn, heimaleik gegn Akureyri! Það varð þó ekki raunin þar sem að lið Stjörunnar dróst gegn okkar mönnum og var strax ljóst að þungur róður væri framundan þar sem Stjörnumenn höfðu slegið út úrvalsdeildarlið Fram í umferðinni á undan. Heppnin var þó með okkur að því leyti að aftur fengum við heimaleik. Stjörnumenn voru númeri of stórir fyrir okkar stráka sem þó kláruðu sína þátttöku í bikarkeppninni með sæmd. Þess má til gamans geta að mesti aldursmunur á milli elsta og yngsta manns á leikskýrslu Völsunga var 26 ár! Bikarkeppnin sem hefur verið eina alvörumót meistaraflokks í nokkur ár sýnir það að áhuginn fyrir handbolta er til staðar á Húsavík. Á milli 100-200 manns mættu á hvorn leik fyrir sig og í báðum leikjunum voru okkar menn með 14 manns á leikskýrslu. Mannskapurinn og áhuginn er til staðar en virkja þarf fleiri hendur til að gera starfið öflugra.

Að byggja upp öflugt handboltastarf með fjölda iðkenda, virkum meistaraflokki/-um og faglegu starfi er langhlaup en ekki spretthlaup í ekki stærra samfélagi en okkar. Forsenda fyrir kraftmiklum og nægilega fjölmönnum liðum í hópiþróttum er sú að nán samvinna þróist milli deilda/greina, bæði í yngri flokkum og meistaraflokkum. Þannig verði börn og unglingar hvött til að taka þátt í fleiri en einni íþróttgrein hjá sínu íþróttafélagi og þeim gert það kleift með æfingaálagi og í kostnaði. Þjálfun, keppni og iðkun þarf að tvinnast saman milli greina þannig að ánægja og árangur verði sem mest fyrir allar greinar. Við þurfum að sníða okkur stakk eftir vexti samfélagsins og gera iðkendum, bæði börnum og fullorðnum, kleift að vera virkir þátttakendur. Með því næst árangur í viðum skilningi þess orðs.

Með bestu kveðju,
Handknattleiksráð 2012-2013
Páll Kristjánsson, Óli Halldórsson, Örvar Þór Sveinsson

Jólaþakveðja

Reykfiskur ehf. Húsavík óskar starfsfólki sínu
og fjölskyldum þeirra, sem og
landsmönnum öllum gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.

Þökkum samskiptin á liðnu ári.

Reykfiskur ehf.

Húsavík.



Bocciadeild Völsungs á Húsavík

Fréttir af starfi Bocciadeildar á liðnu starfsári 2012.



Á Opna Húsavíkurmóti 2012.

á öll helstu mót sem voru í boði og haldin eru á vegum ÍF.

Fyrsta mót ársins var að venju „Opna Húsavíkurmótið í Bocchia“ sem haldið var í febrúar í Íþróttahöllinni og segja má að sé orðið fastur liður í íþróttastarfi Völsungs. Er þetta aðeins framkvæmanlegt með góðum stuðningi Kiwanisklúbbsins, sem annast alla dómgæslu, merkingu valla, og kemur að öllum undirbúningi mótsins eins og kiwanisfélagar hafa gert á öllum fyrri mótum sem orðin eru 23 frá upphafi.

Mótið stýrðu eins og oftast Bragi Sigurðsson og Kristín Magnúsdóttir úr stjórn Bocciadeildar.

Mótið tókst í alla staði afar vel, þátttaka var mjög góð, en til leiks mættu 48 sveitir, og hafa aldrei verið fleiri, sem sýnir að bæjarbúar og fyrirtæki eru tilbúin að styðja við bakið á Bocciadeildinni með þátttöku, en þetta er fjáröflun fyrir deildina í formi firmakeppni.

- Úrslit:
1. sæti Sveit frá Tésni.Rein ehf, Jóna Rún og Sigmar
 2. sæti Sveit frá Norðurþingi, bocciakapparnir Kiddi og Guðbjartur
 3. sæti Sveitin Lyngbrekkusystkinin, Lena Kristín og Jón Aðalsteinn

Þá voru veitt sérstök verðlaun fyrir þá sveit sem var „lengst að komin“, og „í flottasta búningnum“, „fyrirtæki með flest liðin“, og „yngstu og elstu keppendurna“

Mótið var afar skemmtilegt og tókst mjög vel, mikil stemming og spenna og þurfti oft bráðabana til að útkljá leiki.

Verðlaun voru glæsileg, en þau voru gjafir frá eftirtöldum styrktaraðilum: Íslandsbanki, Landsbankinn, Sparisjóðurinn, Lyfja, Háriðjan, Víkurraf og Innex.

Að loknu Bocciamóti hófst athöfn þar sem húsviskt íþróttafólk var heiðrað fyrir frammistöðu, ástundun og árangur á árinu 2011. Nefnd á vegum Skjálfanda „um val á Íþróttamanni Húsavíkur“ annaðist afhendingu verðlauna, forseti Kiwanisklúbbsins Skjálfanda, Egill Olgeirsson ávarpaði viðstadda, íþróttafólk, forsvarsmenn íþróttafélaganna og aðra gesti. Hann sagði m.a. frá undirbúningi og hvernig staðið er að vali íþróttafólks og kjöri „Íþróttamaður Húsavíkur“ sagði hann m.a. að þetta væri í 16. skipti sem klúbburinn heiðrar afreksfólk í íþróttum og veitti þeim viðurkenningar með þeirri aðferð sem hér væri viðhöfð.

Í allt voru veittar 18 viðurkenningar til íþróttafólks í tíu íþróttagreinum auk sérstakra verðlauna í formi ferðastyrks frá Kiwanisklúbbnum til eftirtalinn einstaklinga sem urðu í þrem efstu sætum í vali á Íþróttamanni Húsavíkur 2011.

Í 3.sæti varð Sigurður Unnar Hauksson, skotiþróttamaður

Í 2.sæti varð, Bjarki Þór Jónsson, knattspyrnumaður

og Íþróttamaður Húsavíkur 2011 varð Hafþór Mar Aðalgeirsson, knattspyrnumaður í Völsungi og landsliðsmaður í bæði U17 og U19 ára landsliðum Íslands.

Einnig var afhentur „Hvatningabikar ÍF“ sem ung bocciakonan Bryndís Benediktisdóttir frá Þverá í Öxarfirði hlaut að þessu sinni..

Bocciamaðn ársins voru Kristbjörn Óskarsson í 17 ára og eldri, en Lena Kristín Hermannsdóttir frá Lyngbrekku í flokki 16 ára og yngri. Þá var mætt með fjölmenn og frækir lið á öll önnur bocchia-mót á vegum ÍF og víðar s.s. Ísl.mót í Reykjavík í liðakeppni í mars, Íslandsmót í einstaklingskeppni á Ísafirði nú í október, að ógleymsdu Hængsmóti á Akureyri um mánaðamótin apríl-maí.

Norðurlandsmót átti að vera á Akureyri nú í nóvember en var frestað vegna veðurs og verður væntanlega í upphafi næsta árs.

Árangur á mótum var nokkuð góður, þó ekki tækist að landa Ísl.meistaratitlum þetta árið, en oftast áttum við keppendur í úrslitum.

Kristbjörn náði verðlaunasæti á síðasta Hængsmóti á Akureyri, enda margfaldur Hængsmótsmeistari.

Hápunktur ársins var löng og frækin keppnisferð bocchia fólksins á Íslandsmótið á Ísafirði í október, keppendur voru 13 auk fjögurra fararstjóra. Farið var eins og oftast á mót á bíl frá Fjallsýn, Rúnari Óskarssyni, en bílstjóri að venju var formaðurinn, Bragi Sigurðsson. Stuðningur fyrirtækja eins og Fjallsýn ehf er ómetanlegur, en til fjölda ára hefur Rúnari leigt okkur hópferðabíla í keppnisferðir á mjög hagstæðu verði en formaðurinn tekið að sér bílstjórastarfið án þess að fá þóknun fyrir.

Fjáröflun var með svipuðu sniði og undanfarin ár þ.e. eins og bæjarbúar hafa orðið var við síðustu vikur þegar félagar í Bocciadeildinni hafa bankað upp á eða verið við verslanir að selja jólakortin frá ÍF og fulltrúar deildarinnar boðið fólki til kaups



Á Hængsmóti. Spáð í matseðilinn.

hangikjöt frá Norðlenska. Þá er það árleg firmakeppni deildarinnar á Opna Húsavíkur-mótinu og sala veitinga í sjoppu á mótum og öðrum viðburðum hjá deildinni.

Að venju var aðalstyrktaraðili deildarinnar Kiwanisklúbburinn Skjálfandi, og eru tveir fulltrúar hans í stjórninni.

Í upphafi starfsárs í haust fundaði stjórn og lagði línurnar fyrir komandi starfsár: Áætlun gerir ráð fyrir svipaðri starfsemi og á liðnu ári, hvað varðar innra starf og þátttöku á mótum.



Stefnt er að þátttöku á öllum helstu mótum *Völsungar á Íslandsmóti í Reykjavík, vorið 2012.*

Ársins að venju, auk Ísl. móta, Norðurlandsmót og Hængsmót á Akureyri, þá er í skoðun þátttaka á Landsmóti UMFÍ næsta sumar. Þegar er hafinn undirbúningur að Opna Húsavíkurmótinu í boccia sem er á dagskrá 17. febrúar, en að því kemur Kiwanisklúbburinn Skjálfandi með deildinni að venju.

Liðið starfsár var gott, starfsemi kröftug, iðkendur stunduðu æfingar vel og árangur í starfi og keppni var mjög viðunandi. Stjórn heldur reglulega stjórnarfundum s.s. í upphafi árs, fyrir öllum mótum og viðburðum og í aðdraganda allra ferða á mót til að skipuleggja þær og tryggja að kostnaður haldist innan marka.

Vill Boccideild Völsungs um leið og þakkað er fyrir liðið ár koma á framfæri bestu kveðjum og þökkum til allra sem stutt hafa deildina dyggilega á liðnu starfsári.

Gleðileg jól, og farsælt komandi ár
Þess óskar Boccideild ÍFV
5. des.2012/Egill Olgeirsson

Frá Siglingadeild Völsungs

Siglingadeildin byrjaði sumarið á því að sigla einum báti í höfninni á sjómannadaginn og sýna tvo af bátum deildarinnar á bryggju stéttinni. Helgarnámskeið var haldið í byrjun júní. Héldum við þetta námskeið sjálf og var þátttaka ágæt.

Í júlí var svo haldið 5 daga námskeið. Mjög góð þátttaka var á það. Fengum við þjálfara frá Nökkva á Akureyri til að koma, en hann gat bara verið 3 daga og fengum við því Kristófer Reykjalín til að byrja námskeiðið. Gekk þetta mjög vel. Síðasta daginn sigldum við inn í höfnina og lögðum að bryggju og skruppum í Pylsuvagninn og fengum pylsu og gos. Vakti þetta mikla lukku hjá þátttakendum. Að lokum viljum við þakka krökkunum kærlega fyrir samveruna og skemmtilegar stundir í fjörinni.



Bestu óskir um gleðileg jól og farsæld á komandi árum.
Siglingaklúbbur Völsungs,
Ingólfur Freysson formaður
Sæunn Helga Björnsdóttir gjaldkeri
Magdalena Ólafsdóttir meðstjórnandi

Óskum Þingeyingum
gleðilegra jóla
og farsæls komandi árs,
þökkum viðskiptin
á árinu.



Óskum Húsvíkingum
og nærsveitungum
gleðilegra jóla
og farsæls
komandi árs.



Sparisjóðurinn óskar
viðskiptavinum sínum
sem og öllum Þingeyingum
gleðilegra jóla og farsæls komandi
árs með þökk fyrir viðskiptin á
árinu.





Hópurinn við brottför á Húsavíkurvelli. Efsta röð f.v. Sýlvía, Dagný, Elma, Jónína, Halldóra, Iðunn, Birta. Miðju röð f.v. Arna Védís, Vildís, Ruth, Huld. Neðsta röð f.v. Katla, Arna, Sigrún, Guðrún, Anna.



Hópurinn fyrir utan skólann í Ollerup.

Sælt verið fólkið eitt árið enn.

Það hefur mikið verið um að vera hjá okkur í fimleikadeildinni síðastliðið ár. Við bættum í safnið okkar fimm litlum dýnukubbum. Saman notast þeir sem aðhlaupsbraut fyrir fibergólfíð sem keypt var 2010, en einnig geta þeir nýst í sittvoru lagi. Á vordögum fór lítill hópur iðkenda á fimleikamót Hattar á Egilsstöðum og stóðu sig með þryði. Hæst bar þó ferðin okkar til Ollerup í Danmörku. Vorið 2011 buðum við uppá að farið yrði í æfingabúðir við fimleikaháskólann í Ollerup (www.ollerup.dk) sumarið 2012. Rúmt ár var til stefnu og í samráði við foreldra var ákveðið að fara í ferðina. Hófast þá skipulagðar fjáraflanir sem báru mjög góðan árangur, enda margt sniðugt fundið til. Hópurinn sem taldi 21 manns og samanstóð af 15 iðkendum, einum þjálfara, tveim fararstjórum og þrem auka mömmum, lagði af stað frá

Húsavíkurflugvelli þann 4. ágúst.

Skólinn reyndist vera hinn besti.

Fagmennska og gæðabjálfum voru þar í fyrirrúmi. Og ekki skorti þjálfara því þarna var her fólks sem vann með iðkendunum í litlum hópum. En alls sóttu hátt um 180 börn og unglingar búðirnar að þessu sinni. Dagurinn byrjaði um 8:00 og endaði ekki fyrr en 22:30, en ásamt smá þreytu skein ánægja og gleði frá andlitum okkar stúlkna, enda aldrei komið í slíkar fimleikahöllir

sem þarna eru. Þjálfaraskipti urðu á árinu. Þær Sýlvía Dögg Ástþórsdóttir

og Sigrún Lilja Sigurgeirsdóttir leita nú ævintýra á öðrum slóðum. Á haustönn voru þjálfararnir sex talsins, þær Elma Rún, Jónína Rún, Magnea Ósk, Þóra Kristín, Halldóra Björg og Huld. Sem fyrr hafði Guðrún Kristins yfirumsjón með þjálfunarmálum deildarinnar. Í upphafi annar voru fjórar elstu þjálfararnir sendar á þjálfaranámskeið til Reykjavíkur og voru þar yfir helgi. Á vorönn áttu okkar iðkendar fæddir 2003 og fyrr kost á að fara nokkrum sinnum til Akureyrar til að æfa í fimleikahöllinni þar og hefur það verið mikil lyftistöng fyrir fimleikastarfið, enda fimleikahöllin vel tækjum búin. Því miður var ekki hægt að komast að í Fimleikahöllinni á Akureyri í haust, þar sem þeir eru að fullnýta hana fyrir eigin iðkendar.

Í stjórninni sitja Guðrún Kristinsdóttir yfirþjálfari, Emilía Aðalsteinsdóttir formaður, Ingibjörg Kristín Steinbergsdóttir gjaldkeri, Kristjana Ríkey Magnúsdóttir meðstjórnandi og Helga Árnadóttir varamaður.



Trampolin höllinni í Ollerup í sumar.



Óskum öllum Völsungum til sjávar og sveita gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.



Þökkum samskiptin á liðnu ári.



Náttúrustofa
Norðausturlands

Gleðileg jól,
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á árinu sem
er að líða.



Samkaup úrval

Gleðileg jól
og farsælt komandi
ár. Þökkum viðskiptin á
árinu sem er að líða.



Frá Mótorsportdeild Völsungs

Á árinu kom upp sú umræða meðal þeirra sem stunda mótorsport hér á Húsavík og nágrenni að við værum hálf utangátta í samfélagi mótorsportiðkenda. Þeir sem vilja stunda þetta sport í dag þurfa að vera skráðir í íþróttafélag innan ÍSÍ til þess að öðlast keppnisrétt. Þetta á við um allar tegundir mótorsports sem menn stunda og það hafa menn leyst með því að skrá sig í önnur félög innan ÍSÍ.

Þetta þótti okkur vera miður og settum okkur því í samband við Völsung, út úr þeirri umræðu kom sú niðurstaða að Mótorsportdeild Völsungs var stofnuð, þýðir þetta að nú geta allir þeir sem hafa áhuga á þessu sporti og vilja á einhverjum tíma keppa gert það undir merkjum síns eigin félags, grænir og glaðir!

Stuttu eftir aldamótin var stofnaður Mótorsportklúbbur Húsavíkur sem hafði það markmið að sameina menn í eina heild og koma af stað jákvæðri umræðu um mótorsport á svæðinu, sá klúbbur vann mikla vinnu og voru tugir meðlima þegar best lét og voru þetta aðilar á öllum aldri og úr mörgum greinum mótorsports.

Meðal annars hélt klúbburinn nokkrar snjócrosskeppnir og áttum við Íslandsmeistara í þeirri grein. Klúbburinn hélt eina þolaksturskeppni á vélhjólum sem þótti heppnast mjög vel og voru nokkrir á svæðinu sem tóku þátt í þeirri keppni, einnig hafa menn verið að keppa í bæði mótocross og þolaksturskeppnum og staðið sig með þryði. Þess fyrir utan þá stóð klúbburinn fyrir því að mótocrossbraut var gerð norðan við bæinn. Mikinn tíma og töluvert fé þarf til að koma upp slíkri braut og þykir það því nokkuð afrek að ekki stærri klúbbur hafi náð að koma upp slíkri braut, en einhver vinna er eftir við að gera brautina boðlega til keppni.

Vandamálið sem þessi klúbbur var að kljást við var nafnið segir til um, þetta var klúbbur en ekki íþróttafélag og það var að aftra mönnum frá því að taka þátt í keppnum og að ganga lengra með uppbyggingu en undir nafni Völsungs erum við mun sterkari og getum blásið til sóknar í okkar starfi. Einnig er þetta okkar leið til þess að vinna með öllum í kringum okkur og til þess að fólk líti jákvæðum augum á þessa hluti, horfi á þetta sem íþrótt og okkur sem íþróttamenn.

Það sem hefur gerst síðan við urðum hluti af Völsungi er töluvert og er þess virði að nefna það. Sem hluti af Völsungi erum við orðnir félagar að Mótorsportsambandi Íslands og geta því meðlimir skráð sig í hvaða akstursíþróttamót sem haldið er á landinu og það er eitt af stóru atriðunum, hver veit nema að innan fárra ári eigi Völsungur Íslandsmeistara í einhverri grein mótorsports.

Einnig hefur verið unnið í því að lögleiða alla hluti í kringum okkar starf, erum við að vinna í því að mótocrossbrautin okkar verði lögleg og keppnishæf en sú vinna er langt komin. Unnið hefur verið í því að stækka það starfssvæði sem deildin hefur en Norðurbíng hefur tekið vel í þær hugmyndir og hefur sýnt okkur mikinn stuðning.

Framtíðarhugmynd okkar er sú að á þessu svæði verði mest öll okkar starfssemi, fyrir utan keppnisbraut verði þarna æfingarsvæði fyrir yngri aðila sem vilja keyra mótocross, enduro eða fjórhjól, góð aðstaða fyrir alla þá sem vilja koma að með tækin sín, húsnaði þar sem hægt verður að vera með nauðsynleg tól og tæki til viðhalds á svæðinu og jafnvel félagsaðstaða þegar lengra líður.

Fyrsta mót deildarinnar verður haldið milli jóla og nýárs en það verður ísakstursmót á vélhjólum, það verður innandeildarmót þar sem allir skráðir meðlimir geta tekið þátt, hvetjum við alla til að koma og fylgjast með en nánari dagsetning verður auglýst þegar nær dregur.



Fyrir hönd mótorsportdeildar Völsungs
Aðalgeir Sævar Óskarsson, Formaður
Baldur Friðberg Björnsson
Fannar Helgi Þorvaldsson



Gleðileg jól
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á liðnum árum.



Óskum Húsvíkingum
og nærsveitungum
gleðilegra jóla og
farsæls komandi árs.



Starfsfólk ÍSNET
óskar öllum gleðilegra
jóla og farsældar
á komandi ári.
Þökkum viðskiptin
á liðnum árum.



Óskum Húsvíkingum
og Þingeyingum nær
og fjær gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári.



NORÐLENSKA

Mannvit
óskar Þingeyingum
gleðilegra jóla
og farsæls
komandi
árs.



MANNVIT
VERKFRÆÐISTOFA
GARÐARSBRAUT 5



Úddi ehf.

óskar Húsvíkingum og Þingeyingum öllum
gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Þökkum söguhornsgestum
samveruna á liðnu ári.

Axel og Trausti.



Óskum öllum Völsungum til sjávar
og sveita gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.

Þökkum samskiptin á liðnu ári.



ORKUVEITA
HÚSAVÍKUR



Gleðileg jól

og farsælt komandi ár.

Þökkum viðskiptin á
árinu sem er að líða.

LYFJA
Lifið Heil



Gleðileg jól
og farsælt komandi
ár. Þökkum viðskiptin á
árinu sem er að líða.



SJÓVÁ



Húsvíkingar - Þingeyingar

Óskum ykkur gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.

Þökkum viðskiptin á árinu
sem er að líða.



Óskum viðskiptavinum okkar



og Völsungum öllum
gleðilegra jóla og farsældar
á komandi ári.



Takk fyrir árið
sem er að líða.



Gleðileg jól
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á árinu.



Skorum með
þrumuskotum
á nýju ári.



Gleðileg jól
og farsælt komandi
ár. Þökkum viðskiptin á
árinu sem er að líða.



Helgabjörg

Óskum Húsvíkingum og
Þingeyingum gleðilegra
jóla og farsæls
komandi árs.
Þökkum viðskiptin
á árinu sem
er að líða.



Óskum
viðskiptavinum okkar
gleðilegra jóla
og farsæls komandi árs.
Þökkum viðskiptin
á árinu.



Óskum bæjarbúum
gleðilegra jóla og
farsæls komandi árs
með þökkum fyrir
viðskiptin á árinu.



Bókaverslun
Pórarins



Gleðileg jól
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á liðnum árum.



Ráðgjöf - Hönnun - Úttektir - Verkstjórnun
Faglausn ehf
S: 898-8302, mail: faglausn@faglausn.is



GLEÐI
GJAFIR

Sendu jólapakkana með
Landflutningum og allt
andvirði flutningsgjaldsins
rennur óskipt í barna- og
unglingastarf á þínu svæði.

790 kr.
staðgreitt

Hámark 30 kg eða 0,1 m³

Við erum sérfræðingar í matvælaflutningum

Upplýsingar um afgreiðslustaði og opnunartíma
er að finna á landflutningar.is

Landflutningar
SAMSKIP



Hátíð ljóss og friðar

VÍS ÓSKAR LANDSMÖNNUM GLEÐILEGRA JÓLA

Um leið og við þökkum viðskiptavinum okkar samfylgdina á árinu óskum við öllum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar

á komandi ári. Sýnum alúð og aðgát um hátíðirnar og þössum vel hvert upp á annað.
VÍS - þar sem tryggingar snúast um fólk.

VÍS | GARÐARSBRAUT 26 | 640 HÚSAVÍK | Sími 560 5065 | VIS.IS

vís